

**Deloitte.**

**IFRS**  
Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar  
2019

# Algengar skammstafanir

- ARC** **Accounting Regulatory Commission**  
Reikningsskilaráð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
- ASAF** **Accounting Standards Advisory Forum**  
Ráðgjafanefnd fyrir reikningsskilastaðla
- EFRAG** **European Financial Reporting Advisory Group**  
Evrópsk ráðgjafarnefnd um reikningsskil
- GAAP** **Generally Accepted Accounting Principle(s)**  
Settar reikningsskilareglur
- IAS** **International Accounting Standards**  
Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
- IASB** **International Accounting Standards Board**  
Alþjóðlega reikningsskilaráðið
- IASC** **International Accounting Standards Committee (predecessor to the IASB)**  
Alþjóðlega reikningsskilanefndin (forveri IASB)
- IFRIC** **Interpretation issued by the IFRS Interpretations Committee**  
Undirnefnd á vegum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB), gefur út túlkanir og frekari útskýringar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum
- IFRS** **International Financial Reporting Standards**  
Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
- IFRSF** **International Financial Reporting Standards Foundation**  
Alþjóðlega reikningsskilastofnunin
- PIR** **Post-implementation Review**  
Yfirferð á innleiðingaráhrifum
- SEC** **US Securities and Exchange Commission**  
Bandaríska fjármálaeftirlitið
- SIC** **Interpretation issued by the Standing Interpretations Committee of the IASC**  
Undirnefnd á vegum Alþjóðlegu reikningsskila-nefndarinnar (IASC), gefur út túlkanir og frekari útskýringar á alþjóðlegu reikningsskilastöðlum.
- SMEs** **Small and Medium-sized Entities**  
Lítill og meðalstór fyrirtæki

# Efnisyfirlit

Formáli.....	4
IFRS þjónusta Deloitte á Íslandi .....	5
IAS Plus vefsíðan .....	6
Deloitte Dart – rafrænt bókasafn .....	7
Notkun IFRS á Íslandi .....	8
Notkun IFRS á alþjóðavísu.....	9
Alþjóðlega reikningskilastofnunin (IFRSF) og Alþjóðlega reikningskilaráðið (IASB).....	11
Uppbygging.....	12
Breytingar og endurbætur á stöðlum.....	13
Samantekt úr alþjóðlegum reikningskilastöðlum .....	15
Helstu túlkanir.....	88
Staðall í útgáfu sem ekki hefur tekið gildi .....	90
Verkefnadagskrá IASB.....	93
Deloitte IFRS-efni.....	93

# Formáli

*IFRS – Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar – samantekt 2019* hefur að geyma samantekt úr alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) eins og þeir voru samþykktir 1. janúar 2019. Í þessari útgáfu er einnig að finna nýjustu upplýsingar og fróðleik um uppbyggingu Alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB), notkun IFRS á Íslandi og á alþjóðavísu auk samantektar um helstu breytingar á IFRS og túlkunum þeirra. Einnig er að finna yfirlit um breytingar á stöðlum og túlkunum sem taka gildi næstu misserin.

Vasaútgáfan er ætluð notendum IFRS og þeim sem vilja kynna sér og hafa áhuga á reikningsskilum almennt. Samantektinni er ætlað að veita innsýn í efni staðlanna en kemur ekki í stað staðlanna í heild. Einu sinni á ári gefur IASB út heildarútgáfu staðlanna.

Á árinu 2019 voru mikilvægar breytingar á IFRS stöðlunum með tilkomu staðalsins IFRS 16 um leigusamninga sem tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar ásamt nýrri túlkun, IFRIC 23, um óvissa meðferð á tekjuskatti. Þá hafa verið gerðar sjö breytingar á stöðlunum, þar af fjórar í kjölfar árlegs endurbótaverkefnis IASB.

Áður en langt um líður mun IFRS 17, nýr staðall um váttryggingarsamninga, taka gildi. Upphaflega var gert ráð fyrir gildistöku fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar en líklegt þykir að upptöku verði frestað til 1. janúar 2022.

Eins og sjá má eru mörg verkefni í gangi hjá IASB og við hvetjum alla hagsmunaaðila að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum til þess að fylgjast með þróun staðlanna, núverandi og væntanlegum verkefnum IASB á síðunni [www.iasplus.com](http://www.iasplus.com).

## **Helgi Einar Karlsson**

Yfirmaður reikningsskila hjá Deloitte á Íslandi

# IFRS þjónusta Deloitte á Íslandi

Deloitte á Íslandi hefur á að skipa sérfræðingum á sviði alþjóðlegra reikningsskila.

## Nánari upplýsingar veita:

Einar Örn Sigurjónsson	einar.orn.sigurjonsson@deloitte.is
Eyþór Guðjónsson	eythor.gudjonsson@deloitte.is
Guðmundur Ingólfsson	gudmundur.ingolfsson@deloitte.is
Helgi Einar Karlsson	helgi.einar.karlsson@deloitte.is
Lára Óskarsdóttir	lara.oskarsdottir@deloitte.is

Deloitte á Íslandi býður víðtæka sérfræðiþjónustu á sviði reikningsskila.

## Má þar nefna:

<b>Gerð árs- og árs-hlutareikninga</b>	Aðstoð við gerð árs- og árshlutareikninga að öllu leyti eða að hluta.
<b>Innleiðing á IFRS</b>	Aðstoð við innleiðingu á IFRS.
<b>Innleiðing nýrra og endurbættra reiknings-skilareglna</b>	Aðstoð við breytingar á reikningsskilum í samræmi við nýja og endurbætta staðla eða breytingar á ársreikningalögum.
<b>IFRS fyrirspurnir</b>	Svör við fyrirspurnum sem upp koma í tengslum við reikningshaldslega meðferð einstakra mála og notkun á IFRS.
<b>Ástandsskoðanir á reikningsskilum</b>	Athuganir á því hvort árs- og árshlutareikningar uppfylli kröfur IFRS eða ársreikningalaga um reikningshaldslega meðferð, framsetningu og upplýsingar í skýringum.
<b>Reikningsskilahandbækur</b>	Gerð reikningsskilahandbóka fyrir félög í þeim tilgangi að samræma reikningsskilareglur félaga innan samstæðu.
<b>Námskeið</b>	Námskeið um grundvallaratriði IFRS, námskeið sérsniðin að þörfum viðskiptavina auk námskeiða um árlegar breytingar og endurbætur á IFRS.
<b>Önnur aðstoð</b>	Ýmis önnur reikningsskilapjónusta og upplýsingagjöf tengd IFRS og ársreikningalögum.

# IAS Plus vefsíðan

## IAS plus


IAS plus vefsíða Deloitte ([www.iasplus.com](http://www.iasplus.com)) er ein umfangsmesta upplýsinga- og fréttasíða um reikningsskil á alþjóðavísu. Síðan hefur að geyma viðamiklar upplýsingar um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og starfsemi IASB. Síðan er á ensku og þýsku og hefur hún jafnframt að geyma sérsniðin viðmót fyrir Bretland, Bandaríkin og Kanada með áherslu á staðbundnar reikningsskilareglur og sértækar kröfur við gerð og framsetningu reikningsskila.

## Á IAS plus vefsíðunni er að finna:

- Fréttir um þróun reikningsskilareglna á alþjóðavísu ásamt tengdum fréttum og útgefnu efni.
- Yfirlit yfir umræðuefni á dagskrá hjá IASB og túlkananefnd IFRS ásamt samantektum á niðurstöðum þeirra funda.
- Samantekt á öllum stöðlum, túlkunum og verkefnum sem eru í gangi ásamt upplýsingum um sögulega þróun og umræðu um staðlana ásamt tengdum fréttum og útgefnu efni.
- Viðamiklar upplýsingar um staðbundnar reglur, þ.m.t. reikningsskilareglur og þróun þeirra, tilvísanir í staðbundið upplýsingaefni, tengdar fréttir og útgefið efni ásamt sögu innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla á alþjóðavísu.
- Möguleika á að sérsníða síðuna að eigin þörfum, s.s. með því að velja umfjöllunarefni eftir ákveðnu áhugasviði og sníða eigin viðmót.
- Upplýsingar um dagsetningar mikilvægra viðburða, funda, tímamarka o.fl.
- Viðamikið útgefið efni um IFRS sem er opið öllum ásamt áskriftarefni, s.s. hið vinsæla fréttabréf IFRS in Focus og annað útgefið efni.

- Fyrirmyndarársreikning IFRS og IFRS tékklista með útgáfum sem eru sérsniðnar að staðbundnum reglum ákveðinna landa.
- Umfangsmikið rafrænt bókasafn IFRS-upplýsinga bæði á alþjóðavísu og sniðin að staðbundnum reglum ákveðinna landa.
- Sérfræðigreiningar og umsagnir sérfræðinga Deloitte.
- Vefnámskeið fyrir flesta staðla IASB.
- Leitarvél sem auðveldar aðgengi að upplýsingaefni við hæfi.
- Umsagnarbréf Deloitte til IASB og annarra nefnda.
- Viðmót sem hentar snjalltækjum og sendir nýjustu upplýsingar í gegnum Twitter og RSS.

## Deloitte Dart – rafrænt bókasafn



Vefsíðan Deloitte Dart, Deloitte Accounting Research Tool, (<https://dart.deloitte.com/>) er rafrænt bókasafn sem hefur að geyma viðamiklar upplýsingar, leiðbeiningar og ítarefni um reikningsskil. Vefsíðan er uppfærð á hverjum degi og felur í sér efni frá IASB, FASB, SEC og fleiri nefndum auk útgefins efnis frá Deloitte. Síðan býður upp á sérsniðin viðmót fyrir reikningsskilareglur í Bandaríkjunum (US GAAP), Bretlandi (UK GAAP) og fyrir alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Auk þess að innihalda rafræna útgáfu af IFRS-stöðlum og túlkunum í heild sinni er einnig að finna á síðunni leiðbeiningar um beitingu IFRS í iGAAP-handbók Deloitte, sem framsetur efni staðlana á einfaldan og aðgengilegan hátt ásamt dæmum og ítarefni til frekari útskýringa.

Í gegnum áskrift að síðunni er hægt að nálgast allar ofangreindar upplýsingar, en boðið er upp á ókeypis 30 daga reynslutíma.

Sjá nánar <https://subscriptionservices.deloitte.com/#/plan>.

# Notkun IFRS á Íslandi

Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, hafa lagalegt gildi hér á landi með samþykki reglugerðar nr. 181/2006. Reglugerðin nær til allra félaga sem er skylt að semja reikningsskil og samstæðureikningsskil í samræmi við IFRS eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt reglugerðinni skulu þessi félög semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2005 og síðar.

## Félög sem skylt er að nota IFRS

Íslenskum félögum sem hafa hlutabréf eða skuldabréf sín skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er skylt að gera samstæðureikningsskil í samræmi við IFRS. Félög sem ekki er skylt að semja samstæðureikningsskil skulu gera aðgreind reikningsskil í samræmi við IFRS, að öðrum kosti er þeim það heimilt. Dótturfélögum og öðrum félögum, innan samstæðu, sem skráð er á verðbréfamarkaði, er heimilt að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS.

Félag sem ekki uppfyllir lengur skráningu á skipulögðum verðbréfamarkaði ber að semja reikningsskil sín í samræmi við IFRS árið sem verðbréfin eru afskráð og í eitt ár þar á eftir.

## Notkun IFRS heimil

Félögum sem það kjósa er heimilt að semja samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Félög sem kjósa að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS skulu gera það í fimm ár samfleytt hið minnsta.

Félög sem hvorki eru með skráð hlutabréf né skuldabréf á skipulögðum verðbréfamarkaði hafa séð sér hag í því að innleiða IFRS. Fyrir félög sem starfa á alþjóðlegum vettvangi getur ávinningurinn verið umtalsverður. Með notkun á sömu reikningsskilareglum innan félagasamstæðu verða reikningsskilin samræmdari auk þess sem samanburður við reikningsskil annarra félaga verður auðveldari. Ennfremur getur aðgangur að erlendu fjármagni orðið greiðari þar sem þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er til staðar hjá erlendum lánastofnunum og fjárfestum.



# Notkun IFRS á alþjóðavísu

Alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS er nú beitt víðast hvar um heiminn við gerð reikningsskila. Uppfærða töflu sem sýnir notkun IFRS í heiminum má finna á:

<http://www.iasplus.com/en/resources/ifrs-topics/use-of-ifrs>

Alþjóðlega reikningsskilaráðið birtir staðbundnar leiðbeiningar um IFRS á:

<http://www.ifrs.org/Use-around-the-world/Pages/Jurisdiction-profiles.aspx>.

## Notkun IFRS í Evrópu

Í 43 löndum Evrópu er meirihluta eininga tengdum almannahagsmunum nú skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Sviss heimilar notkun IFRS-staðlanna.

Samkvæmt IAS-tilskipun Evrópusambandsins þarf að innleiða IFRS í hverju landi fyrir sig í Evrópu. Innleiðingarferlið felur í sér eftirfarandi skref;

- Að þýða IFRS-staðla á öll evrópsk tungumál.
- EFRAG-nefndin fyrir félög í einkageira gefur álit sitt til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.
- Reikningsskilaráð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ARC, gefur út tilmæli um innleiðingu.
- Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins leggur fram tillögu að innleiðingu fyrir Evrópuþingið og Evrópuráðið.

Lýsi báðir aðilar sig andvíga tillögunni innan þriggja mánaða er hún send aftur til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins til frekari skoðunar. Í sumum tilfellum þarf samþykki beggja aðila. Frekari upplýsingar um bakgrunn IFRS í Evrópu má finna á: [www.iasplus.com/en/resources/ifrs-topics/europe](http://www.iasplus.com/en/resources/ifrs-topics/europe).

Nýjustu upplýsingar um samþykktir Evrópusambandsins á IFRS-stöðlum má finna á: [www.efrag.org/Endorsement](http://www.efrag.org/Endorsement).

Bretland íhugar nú hvernig staðið verði að innleiðingu nýrra staðla eftir að Bretland gengur úr Evrópusambandinu.

## Notkun IFRS í Ameríku

Í 27 löndum Norður- og Suður-Ameríku er nú öllum eða meirihluta af einingum tengdum almannahagsmunum skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Að auki skylda eða heimila 8 lönd til viðbótar sumum af innlendum einingum tengdum almannahagsmunum að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS.

Í Bandaríkjunum er erlendum útgefendum verðbréfa heimilað að skila ársreikningum sem gerðir eru í samræmi við IFRS án þess að birta afstemmingu við US GAAP. Bandaríska fjármálaeftirlitið (SEC) leyfir innlendum útgefendum verðbréfa ekki að skila ársreikningum í samræmi við IFRS, heldur gerir kröfu um að þeir aðilar noti US GAAP.

### **Asía og eyjaálfa**

Í 25 löndum Asíu og eyjaálfu er meirihluta af einingum tengdum almannahagsmunum skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS. Þrjú lönd til viðbótar skylda eða heimila sumum af einingum tengdum almannahagsmunum að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS.

### **Afríka**

Í 36 löndum Afríku er öllum eða meirihluta af innlendum einingum tengdum almannahagsmunum skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS og eitt land til viðbótar skyldar eða heimilar sumum af innlendum einingum tengdum almannahagsmunum að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS.

### **Mið-Austurlönd**

Í 13 löndum Mið-Austurlanda er öllum eða meirihluta af einingum tengdum almannahagsmunum skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við IFRS.

# Alþjóðlega reikningsskilastofnunin (IFRSF) og Alþjóðlega reikningsskilaráðið (IASB)

## Alþjóðlega reikningsskilastofnunin - IFRSF

IFRSF þróar IFRS-staðla í almannabágu. Um 150 manns starfa hjá stofnuninni og eru höfuðstöðvarnar í London og minni skrifstofa sem þjónustar Asíu og Eyjálfa er í Tókýó.

Stofnunin hefur umsjón með IASB, sjálfstæðu ráði reikningsskilasérfræðinga og ber ábyrgð á tæknilegu innihaldi IFRS-staðla. Starfsfólk stofnunarinnar styður við starf IASB, þar sem sérfræðingar greina álitæfni og hjálpa IASB (og túlkananefndinni) að taka faglegar ákvarðanir. Annað starfsfólk veita stuðning við innleiðingu í nýjar lögsögur, við menntun, samskipti (þ.m.t. vefsíðu), fjárfestatengsl, fjáröflun og stjórnun.

## Alþjóðlega reikningsskilaráðið - IASB


IASB annast setningu staðla.

<b>Aðild</b>	Ráðið skipar allt að 14 nefndarmenn. Flestir eru í fullu starfi en allt að þrír í hlutastarfi en þó er ætlast til að störf fyrir IASB sé þeirra aðalstarf.  Allir nefndarmenn IASB skuldbinda sig formlega til að starfa með almannahagsmunum að leiðarljósi í öllum málefnum.
<b>Landfræðileg skipting</b>	Fjórir nefndarmenn eru skipaðir frá Eyjálfa, Evrópu og Ameríku og einn frá Afríku, alls 13.  Til viðbótar kemur einn nefndarmaður frá einhverju landsvæðanna fjögurra, þar sem leitast er við að halda landfræðilegu jafnvægi.
<b>Hæfi nefndarmanna</b>	Nefndarmenn eru valdir með því markmiði að samsetning IASB endurspegli sem best tæknilega þekkingu og fjölbreytni í alþjóðaviðskiptaumhverfi og markaðsreynslu til að þróa hágæða alþjóðlega reikningsskilastaðla. Á meðal nefndarmanna eru einstaklingar með reynslu af endurskoðun, gerð reikningsskila, notkun reikningsskila, úr fræðasamfélaginu, markaðsmálum og eftirliti með fjármála-mörkuðum.
<b>Tímabil</b>	Nefndarmenn sitja í ráðinu að hámarki í 10 ár. Fyrst eru nefndarmenn skipaðir til fimm ára, síðan til þriggja ára til viðbótar nema formaður og varaformaður sem geta setið í allt að 10 ár.
<b>Fundur</b>	IASB fundar opinberlega til að ræða tæknileg álitæfni, yfirleitt mánaðarlega en þó ekki í ágúst.

Stutta umfjöllun um núverandi nefndarmenn má finna á slóðinni:

[www.ifrs.org/groups/international-accounting-standards-board/#members](http://www.ifrs.org/groups/international-accounting-standards-board/#members).

# Uppbygging



# Breytingar og endurbætur á stöðlum

## Breytingar sem tóku gildi 1. janúar 2019

Níu breytingar tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.

### Staðlar

**IFRS 16** Leigusamningar

### Túlkunar

**IFRIC 23** Óviss meðferð á tekjuskatti

### Endurbætur á stöðlum

**IAS 12** Skattaáhrif greiðslna af fjármálagerningum sem teljast eiginfjárgerningar (*Árlegar endurbætur 2015–2017*)

**IAS 19** Breyting, skerðing eða uppgjör á réttindatengdum sjóði

**IAS 23** Eignfærsluhæfur fjármagnskostnaður (*Árlegar endurbætur 2015–2017*)

**IAS 28** Langtímafjárfesting í hlutdeildarfélögum og samrekstri

**IFRS 3** Eldri eignarhlutur í samrekstri (*Árlegar endurbætur 2015–2017*)

**IFRS 9** Uppgreiðslur sem hafa í för með sér neikvæða þóknun

**IFRS 11** Eldri eignarhlutur í samrekstri (*Árlegar endurbætur 2015–2017*)

Þegar félag hefur innleitt nýjan IFRS-staðal eða endurbætur á IFRS-staðli sem hafa veruleg áhrif á félagið, þá gerir IAS 8 *Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* kröfu um að greint sé frá því í skýringum.

Hafi félag ekki innleitt nýjan staðal eða endurbætur á stöðlum sem hafa verið útgefnar en ekki tekið gildi, þá skal taka það fram og veita upplýsingar um möguleg áhrif vegna viðkomandi staðals eða endurbóta á fyrstu reikningsskil eftir gildistöku.

## Breytingar sem taka gildi 1. janúar 2020

Eftirfarandi breytingar munu taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar.

### Hugtakarammi reikningsskilanna

Breytingar á hugtakaramma reikningsskila, þ.m.t. breytingar á tilvísunum í hugtakarammann úr IFRS-stöðlum.

## Endurbætur á stöðlum

**IFRS 3** Skilgreining á atvinnustarfsemi

**IAS 1** Skilgreining á mikilvægi

**IAS 8** Skilgreining á mikilvægi

## Breytingar sem taka gildi 1. janúar 2021

Eftirfarandi breytingar munu taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar.

## Staðlar

**IFRS 17** *Vátryggingasamningar* (innleiðingu innan Evrópusambandsins verður líklega frestað um ár).

Frekari upplýsingar um dagsetningar innleiðinga á IFRS-stöðlum og breytingar á þeim er að finna á:

<http://www.iasplus.com/en/standards/effective-dates/effective-ifs>

# Samantekt úr alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

Hér á eftir er samantekt úr alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem eru í gildi þann 1. janúar 2019. Samantektinni er ætlað að veita innsýn í efni staðlanna en kemur ekki í stað staðlanna í heild sinni.

## Inngangur að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum

*Preface to International Financial Reporting Standards*

Fjallar meðal annars um markmið IASB, umfang IFRS, ferlið við þróun staðla og túlkana, jafnt vægi feitletraðra og hefðbundinna málsgreina, reglur um gildistökudaga og notkun ensku sem opinbers tungumáls staðlanna.

Innleitt af IASB í maí 2002. Endurbætur 2007, 2008 og 2010.

## Hugtakarammi reikningsskilanna

*Conceptual Framework for Financial Reporting*

Markmið	Skilgreinir grundvallarmarkmið reikningsskila.
Tilgangur og staða	<p>Aðstoðar IASB í að þróa staðla sem eru byggðir á samræmdum grunnhugtökum. Veitir þeim aðilum sem útbúa reikningsskil leiðbeiningar við þróun samræmdra reikningsskilaaðferða þegar leiðbeiningar um tiltekna aðstæður skortir í stöðlunum eða þegar val er um reikningsskilaaðferð. Ásamt framgreindu auðveldar hugtakaramminn skilning og túlkun allra aðila á stöðlunum.</p> <p>Hugtakaramminn er ekki staðall og ekki hluti af alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS). Hann gengur ekki framur kröfum staðlanna eða kemur í stað staðals.</p>
Markmið reikningsskila	<p>Markmið reikningsskila er að veita fjárhagslegar upplýsingar sem eru gagnlegar núverandi og mögulegum fjárfestum sem og lánveitendum við ákvarðanatöku.</p> <p>Á meðal ákvarðana sem reikningsskil hafa áhrif á eru kaup, sala eða eign á eiginfjár- og skuldagerningum, útgáfa eða uppgjör á lánum og annars konar skuldum og beiting atkvæðaréttar til að kjósa um eða hafa áhrif á stjórnendur.</p> <p>Reikningsskil veita upplýsingar um efnahagsleg aðföng félags, kröfur á hendur félagi og áhrif viðskipta og annarra atburða á þessi efnahagslegu aðföng og kröfur.</p>

Eigindleg einkenni gagnlegra fjárhagsupplýsinga

Fjárhagsupplýsingar þurfa að uppfylla eigindleg einkenni sem skilgreind eru í hugtakarammanum til þess að þær séu gagnlegar. Fjárhagsupplýsingar verða að vera viðeigandi og gefa glögga mynd.

Reikningsskil endurspeglar efnahagsleg áhrif í orðum og fjárhæðum. Til þess að reikningsskil séu gagnleg þá þurfa fjárhagsupplýsingar að vera viðeigandi og settar fram með áreiðanlegum hætti þannig að þær séu lýsandi fyrir það sem þær standa.

Glögga mynd felur í sér að upplýsingar séu heildstæðar, hlutlausar og án skekkna. Hlutleysi upplýsinga, tilgreint í hugtakarammanum sem varfærni, snýr að því að gæta varúðar þegar ákvörðun er tekin við óvissuáðstæður. Slík varfærni felur ekki í sér ósamhverfu, t.d. að ríkari stuðningur þurfi að liggja að baki eign- og tekjufærslum en skráningu skulda og gjaldfærslum. Slík ósamhverfa er ekki eigindlegt einkenni gagnlegra fjárhagsupplýsinga.

Það eykur gagnsemi upplýsinga ef þær eru samanburðarhæfar, sannanlegar, tímanlegar og skiljanlegar.

Reikningsskilaeining

Reikningsskil eru gerð frá sjónarhorni einingarinnar í heild sinni fremur en einstaka fjárfestahópa, lánastofnana eða annarra lánardrottna.

Við gerð reikningsskila er gengið út frá þeirri forsendu að eining sé rekstrarhæf um fyrirsjáanlega framtíð.

Reikningsskilaeining er eining sem velur eða ber skylda til að útbúa reikningsskil. Augljós dæmi eru hlutafélög og samstæða sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess.

Reikningsskilaeining þarf ekki að vera lögaðili eða samstæða. Hins vegar er erfiðara að setja skýr mörk þegar ekki er um lögaðila að ræða. Í slíkum tilfellum skulu mörk sett með tilliti til upplýsingaþarfa notenda reikningsskilanna. Eining sem reikningsskil taka til gæti jafnframt verið útbú eða starfsemi innan ákveðins svæðis.

Hugtakaramminn viðurkennir notkun á samlögðum reikningsskilum (e. combined financial statements). Slík reikningsskil eru útbúin af reikningsskilaeiningu sem samanstendur af tveimur eða fleiri einingum sem eru ekki innan sömu samstæðu. Hugtakaramminn fjallar hins vegar ekki um við hvaða aðstæður og hvernig skuli útbúa slík reikningsskil.



## Flokkar reikningsskila

**Eign** er efnahagsleg aðföng (e. economic resource) sem stjórnað er af einingu vegna liðinna atburða.

Efnahagsleg aðföng eru réttindi til notkunar, sölu eða veðsetningar á eign, sem og annar óskilgreindur réttur. Að jafnaði gætu hver réttindi verið skilgreind sem aðgreinanleg eign. Hins vegar þá er almennt litið á skyld réttindi sem eina eign sem mynda eina reiknieiningu (e. unit of account).

Við yfirráð öðlast eining réttindin og þar með getu til að stýra nýtingu aðfanga sér til ávinnings. Einungis einn aðili getur stýrt efnahagslegum aðföngum á hverjum tíma.

**Skuld** er núverandi skuldbinding einingar til að yfirfæra efnahagslega auðlind vegna liðinna atburða. Skuld er kvöð eða ábyrgð sem eining getur ekki komist hjá á hagkvæman hátt.

Forsendan um rekstrarhæfi einingar gefur til kynna að einingin hefur enga hagkvæma möguleika til að komast hjá yfirfærslu efnahagslegra aðfanga öðruvísi en að slíta félaginu eða hætta viðskiptum.

Við lagasetningu þá myndast skuldbinding einungis þegar eining fær eða móttækur efnahagslegan ávinning eða grípur til aðgerða innan gildissviðs slíkra laga. Lagasetningin ein og sér nægir ekki til að það myndist skuldbinding.

Áhersla er á tilvist eignar eða skuldar. Það þarf ekki að vera öruggt, eða jafnvel líklegt að eign muni gefa af sér efnahagslegan ávinning eða skuld leiði til yfirfærslu á efnahagslegum ávinningi. Það er einungis nauðsynlegt að við a.m.k. einar aðstæður leiði til efnahagslegs ávinnings eða yfirfærslu á slíkum ávinningi, sama hversu ólíklegar þær eru.

Reiknieining eru réttindi, skuldbindingar eða bæði réttindi og skuldbindingar sem hugtökin skráning og mat nær til.

Reiknieining og kröfur um skráningu og mat fyrir ákveðin lið tengjast innbyrðis og skoðar IASB þessa þætti í sameiningu við þróun staðla. Reiknieining fyrir skráningu getur verið frábrugðin þeirri reiknieiningu sem notuð er við mat í tengslum við ákveðið atriði t.d. staðall gæti gert kröfu um að borin séu kennsl á hvern samning en það mat fari fram á grundvelli safns samninga.

**Eigið fé** er afgangsstærð eigna þegar skuldir hafa verið fráðregnar.

**Tekjur** eru aukning eigna eða lækkun skulda sem leiða til aukningar á eigið fé, að undanskildu framlagi hluthafa.

**Gjöld** eru lækkun eigna eða hækkun skulda sem leiða til lækkunar á eigið fé, að undanskildum úthlutunum til hluthafa.

---

**Skráning og  
afskráning**

Skráning felur í sér að meðtaka í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu liði sem falla undir skilgreiningu á einhverjum af flokkum reikningsskilanna – eign, skuld, tekjur eða gjöld.

Hugtakaraminn gerir kröfu um skráningu þegar það veitir notendum reikningsskila viðeigandi upplýsingar og gefur glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum.

Skráningarskilyrðið felur ekki í sér ákveðin mörk sem taka mið af líkum á tilvist eða áreiðanleika í mati. Óvissa um tilvist eignar eða skuldar eða litlar líkur á efnahagslegum ávinningi eru kringumstæður þar sem skráning eignar eða skuldar veitir mögulega ekki viðeigandi upplýsingar.

Það eru líka fórnarskipti á milli þess að velja mat sem er meira viðeigandi en felur í sér mikla óvissu, og þess að velja mat sem er ekki eins viðeigandi en felur í sér minni óvissu. Í einhverjum tilfellum gæti óvissuþátturinn kallað á frekari skýringarkröfur. Í einstaka tilfellum þá gæti óvissa í mati leitt til þess að ekki skyldi færa eignir eða skuldir að álitum IASB.

Afskráning felur í sér að eign eða skuld sem hefur verið skráð í efnahagsreikningi er afskráð að hluta til eða með öllu, þegar viðkomandi eign eða skuld uppfyllir ekki lengur skilgreiningu á eign eða skuld. Reglur um afskráningu hafa það að markmiði að endurspeglar á glöggan hátt eftirstæðar eignir og skuldir, og hvers konar breytingar á eignum eða skuldum félags vegna viðskipta sem leiða til afskráningar. Stundum selja félög eða losa sig við einungis hluta eignar eða skuldar. Í hugtakarammanum koma fram atriði IASB sem ætti að íhuga þegar metið er hvort afskrá beri eign eða skuld að fullu, þegar þörf er að greina frá ástæðum afskráningar í skýringum, og hvenær er viðeigandi að afskrá ekki eign eða skuld samhliða yfirfærslu.

---

## Mat

Lýsir tveimur matsgrunnum: Sögulegum kostnaði og núvirði. Báðir grunnar veita notendum forspár- og staðfestingargildi, en annar grunnurinn gæti veitt gagnlegri upplýsingar heldur en hinn við ólíkar aðstæður.

Sögulegur kostnaður endurspeglar verð í viðskiptum eða annan atburð sem rekja má skráningu eignar, skuldar, tekna eða gjalda til. Núvirðismat endurspeglar aðstæður á matsdegi. Núvirði felur í sér gangvirði, nýtingarvirði (fyrir eignir), uppgjörsvirði (fyrir skuldir) og uppfært kostnaðarverð.

Við val á matsgrunni skal horfa til eðlis þeirra upplýsinga sem byggja á matinu, bæði í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu. Mikilvægi framsettra upplýsinga veltur á forsendum og kringumstæðum hverju sinni.

Einkenni eignar eða skuldar og áhrif þeirra á framtíðarsjóðstreymi eru tveir af þeim þáttum sem IASB mun íhuga þegar ákvörðun er tekin um hvor matsgrunnurinn veitir viðeigandi upplýsingar, t.d. ef eign er næm fyrir markaðsforsendum, þá gæti gangvirði veitt frekar viðeigandi upplýsingar heldur en sögulegur kostnaður. Hins vegar þá er gangvirði ekki endilega viðeigandi í einhverjum tilfellum sé horft til eðlis starfseminnar og þar með væntanlegs framtíðarsjóðtreymis af eign. Þetta gæti verið tilfellið þegar eign er haldið til notkunar eða til að innheimta af henni samningsbundið sjóðstreymi fremur en að selja.

Mikil óvissa í mati leiðir ekki endilega til þess að ákveðinn matsgrunnur sé óviðeigandi. Hins vegar, eins og greint er frá hér að ofan í umfjöllun um skráningu, þá geta verið fórnarskipti á milli glöggrar myndar og hversu viðeigandi upplýsingar eru.

Hugtakaramminn útilokar ekki að notaðir séu mismunandi matsgrunnar fyrir eign eða skuld í efnahagsreikningi og tengdar tekjur eða gjöld í rekstrarreikningi. Hins vegar er tekið fram að í flestum tilfellum þá myndi það gefa gagnlegustu upplýsingarnar ef sami matsgrunnur væri notaður við mat á liðum efnahagsreiknings og rekstrar.

Það væri eðlilegt fyrir IASB að velja sama matsgrunninn við upphaflega skráningu eignar eða skuldar og ætlunin er að nota við síðara mat. Þannig væri komið í veg fyrir að færslu hagnaðar eða taps strax í kjölfarið á upphaflegri skráningu, sem væri eingöngu tilkomið vegna breytingar á matsgrunni.

Framsetning og skýringar

Framsetningar- og skýringarmarkmið staðlanna geta stuðlað að skilvirkri upplýsingagjöf. Hugtakaramm- inn gerir kröfu um að IASB íhugi jafnvægi á milli þess að veita félögum sveigjanleika til að veita viðeigandi upplýsingar og krefjast þess að upplýsingar séu samanburðarhæfar.

Rekstrarreikningur er lykiluppspretta upplýsinga um fjárhagslegan árangur félags á reikningsskil- tímabilinu. Hugtakaramminn gerir ráð fyrir að allar tekjur og gjöld séu framsett í rekstrarreikningi. IASB mun einungis í undantekningartilfellum ákveða að undanskilja framsetningu á tekjum eða gjöldum í rekstrarreikningi og meðtaka í annarri heildar- afkomu og einungis þá fyrir tekjur eða gjöld sem stafa af breytingum á núvirði eignar eða skuldar.

Hugtakaramminn gerir jafnframt ráð fyrir að liðir sem framsettir eru meðal annarrar heildarafkomu muni verða endurflokkaðir í gegnum rekstrarreik- ning á síðari stigum. Endurflokkunin verður hins vegar að veita gleggri mynd en ella ef endurflokkun ætti sér ekki stað.

Hugtök um fjármögnun og viðhald fjármagns

Framsetur grundvallarhugtök um starfsmátt eigin fjár og fjárhagslegt eigið fé. Þessi kafli er óbreyttur frá 2010 útgáfu af hugtakarammanum, sem aftur byggir á útgáfu frá 1989.

**Breytingar sem taka gildi á þessu ári**

Engar

**Væntanlegar breytingar**

IASB hefur breytt skilgreiningu á mikilvægi. Þessi breyting tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar.

**Saga**

Hugtakaramminn var upphaflega samþykktur af IASC í apríl 1989 og innleiddur af IASB í apríl 2001.

IASB hóf á árinu 2005 að vinna með US FASB að þróun sameiginlegs ramma (e. framework). Þessi vinna leiddi til útgáfu IASB á endurbættum reik- ningsskilaramma árið 2010 sem hafði að geyma tvo kafla sem voru jafnframt gefnir út af FASB. (Kafli 1 *Markmið almennra reikningsskila* og kafli 3 *Eigindleg einkenni gagnlegra fjárhagsupplýsinga*).

Á árinu 2018 gaf IASB út endurbættan ramma sem tók þegar gildi. Fimm kaflar eru nýir eða hafa gengið í gegnum verulegar breytingar: Reikningsskil og reikningsskilaæining; Flokkar reikningsskila; skráning og afskráning; mat; og framsetning og skýringar. Hugtökin stjórnun (e. stewardship) og varfærni voru kynnt aftur til sögunnar.

Ákveðnir staðlar vísa ennþá til hugtakarammans sem innleiddur var af IASB árið 2001 og þess gefinn var út árið 2010, og því halda þeir jafnframt gildi sínu samhliða nýjum hugtakaramma sem gefinn var út árið 2018.

**IAS 1 Framsetning reikningsskila***Presentation of Financial Statements*

<b>Markmið</b>	Lýsir því hvernig haga skal framsetningu almennra reikningsskila og setur fram viðmiðunarreglur um uppbyggingu og lágmarkskröfur um innihald.
Reikningsskil	<p>Reikningsskil skulu innihalda eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efnahagsreikning</li> <li>• Rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu</li> <li>• Yfirlit um eigið fé</li> <li>• Yfirlit um sjóðstreymi</li> <li>• Skýringar</li> </ul> <p>Félögum er heimilt að nota önnur heiti en ofangreind í reikningsskilum sínum.</p> <p>Samanburðarupplýsingar skulu settar fram fyrir allar tölulegar upplýsingar í ársreikningi og skýringum.</p> <p>Reikningsskil eru almennt gerð árlega. Greina verður sérstaklega frá breytingum á reikningsskilatímabili og ef reikningsskilatímabil er styttra eða lengra en eitt ár.</p> <p>Gera þarf efnahagsreikning fyrir upphaf elsta sam- anburðartímabils þegar reikningsskilaðferðum hefur verið beitt afturvirk eða liður í ársreikningi hefur verið endurgerður (e. restated) eða endurflokkaður.</p>
Mikilvægi	<p>IAS 1 skilgreinir hvað gerir upplýsingar mikilvægar fyrir notendur reikningsskila. Staðallinn tilgreinir jafnframt sérstaklega þá reikningsliði sem greina þarf frá í efnahagsreikningi, rekstrarreikningi, yfirliti um aðra heildarafkomu og yfirliti um eigið fé (að undanskildu yfirliti um sjóðstreymi en IAS 7 inniheldur leiðbeiningar um þá liði sem koma skulu fram í yfirliti um sjóðstreymi). Staðallinn inniheldur jafnframt leiðbeiningar um framsetningu viðbót- arliða og millisamtalna.</p> <p>Fyrirmyndarársreikningur sem IASB gaf út árið 2017 veitir leiðbeiningar um ákvarðanir byggðar á mikilvægi við gerð reikningsskila í samræmi við IFRS-staðlana.</p>
Efnahagsreikningur	Greina skal á milli skammtímalíða (e. current) og langtímalíða (e. non-current) eigna og skulda í reikningsskilunum nema niðurröðun efnahagsliða eftir greiðsluhæfi (e. liquidity) gefi gleggri mynd. Ekki má jafna saman eignum og skuldum nema að annar staðall heimili eða geri kröfu um jöfnun.

<p>Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu</p>	<p>Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu inniheldur allar tekjur og gjöld. Þessa liði má setja fram annað hvort í einu yfirliti þar sem hagnaður eða tap samkvæmt rekstrarreikningi er sett fram sem millisamtala, eða í tveimur aðgreindum yfirlitum, einu fyrir rekstrarreikning og öðru fyrir aðra heildarafkomu. Í rekstrarreikningi má greina frá gjaldaliðum eftir eðli (t.d. afskriftir) eða hlutverki (t.d. kostnaðarverð seldra vara) þeirra. Ef greint er frá gjaldaliðum eftir hlutverki verður flokkun þeirra eftir eðli að fylgja með í skýringum. Einungis skal sýna liði meðal annarrar heildarafkomu sé það heimilt samkvæmt IFRS-staðli og skal sundurgreina þá eftir því hvort þeir verði mögulega endurflokkaðir í gegnum rekstrarreikninginn á síðari stigum eða ekki. Ekki má jafna saman tekjum og gjöldum nema að annar staðall heimili eða geri kröfu um jöfnun.</p> <p>Það eru sérstakar kröfur gerðar til framsetningar á aflagðri starfsemi og eignum haldið til sölu – sjá IFRS 5.</p>
<p>Yfirlit um eigið fé</p>	<p>Í yfirliti um breytingar á eigin fé skal framsetja heildarafkomu tímabilsins, áhrif á eiginfjárliði af afturvirkum breytingum eða endurgerðum liðum í samræmi við IAS 8 og fyrir hvern eiginfjárlið skal sýna afstemmingu frá upphafs- til lokastöðu.</p>
<p>Skýringar</p>	<p>Í skýringum skulu koma fram upplýsingar um reikningsskilaðferðir sem beitt er, mat stjórnenda við notkun reikningsskilaðferða sem hafa veruleg áhrif á fjárhæðir í reikningsskilum, forsendur fyrir óvissu í mati, stýringu eigin fjár og fylgni við eiginfjárkröfur (e. capital requirements).</p>
<p>Grundvallarreglur</p>	<p>IAS 1 tilgreinir jafnframt grundvallarreglur við gerð reikningsskila, þ.m.t. forsendu um áframhaldandi rekstrarhæfi, samræmi í framsetningu og flokkun milli tímabila og að reikningsskil skuli gerð á rekstrargrunni.</p>
<p><b>Túlkanir</b></p>	<p>Engar</p>
<p><b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b></p>	<p>Engar</p>

<p><b>Væntanlegar breytingar</b></p>	<p>IASB hefur breytt skilgreiningu á mikilvægi. Þessi breyting tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil.</p> <p>Tilvísunum í hugtakarammann (e. conceptual framework) hefur verið breytt og í staðinn er vísað í rammann (e. framework). Þessi breyting tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil.</p> <p>IASB er jafnframt að yfirfara IAS 1 í tengslum við endurbótaverkefna á skýringarkröfum og meginyfirlitum reikningsskilanna.</p>
<p><b>Saga</b></p>	<p>Staðallinn var gefinn út sem hluti af endurbótum á stöðlum fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar. Staðallinn var endurbættur árið 2007 til að bæta eiginfjárskýringar og árið 2011 til að bæta skýringar vegna annarrar heildarafkomu. Endurbætur sem gerðar voru á árinu 2014 voru hluti af endurbótaverkefni á skýringarkröfum.</p>

**IAS 2 Birgðir***Inventories*

Markmið	Lýsir reikningshaldslegri meðferð á birgðum.
Upphafleg skráning birgða	<p>Birgðir skulu færðar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist.</p> <p>Kostnaðarverð samanstendur meðal annars af kostnaði við innkaup, framleiðslu (hráefni, vinnuafli og stjórnunarkostnaður) og öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Gengismunur er ekki hluti af kostnaðarverði birgða (sjá IAS 21).</p> <p>Birgðir sem eru ekki endursöluvörur skal eignfæra á grundvelli sérgreinds kostnaðarverðs. Birgðir sem eru endursöluvörur skulu metnar samkvæmt FIFO (e. first in first out) aðferðinni eða vegnu meðaltali (e. weighted average basis). Ekki er heimilt að nota LIFO (e. last in first out).</p>
Kostnaðarverð seldra vara	Kostnaðarverð birgða er gjaldfært á því tímabili sem sala þeirra á sér stað.
Virðisrýrnun	Niðurfærsla á birgðum í hreint söluvirði er gjaldfærð á því tímabili sem niðurfærslan á sér stað. Ef lækkunin gengur til baka og hreint söluvirði hækkar skal færa breytinguna sem lækkun á kostnaðarverði seldra vara á því tímabili sem hún á sér stað.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út sem hluti af endurbótum á stöðlum fyrir reikningsskilátímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar.



**IAS 7 Yfirlit um sjóðstreymi***Statement of Cash Flows*

<b>Markmið</b>	Gerir kröfu um að félög birti upplýsingar um breytingar á handbæru fé og ígildi þess í yfirliti um sjóðstreymi og flokki það eftir rekstrar-, fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingum.
Handbært fé og ígildi þess	Ígildi handbærs fjár eru óbundnar fjárfestingar til skamms tíma (innan við 3 mánuði frá kaupum) sem auðvelt er að breyta í handbært fé og litlar líkur eru á að verðgildi þeirra breytist.
Rekstrar-, fjárfestinga-, og fjármögnunarhreyfingar	<p>Rekstrarhreyfingar stafa af aðal tekjuöflunarstarfsemi félags og annarri starfsemi sem fellur ekki undir fjárfestinga- eða fjármögnunarhreyfingar. Birta skal rekstrarhreyfingar með því að nota beinu aðferðina (ráðlagt) eða óbeinu aðferðina. Sjóðstreymi vegna tekjuskatts skal flokka sem rekstrarhreyfingu nema hægt sé að tengja það beint fjárfestinga- eða fjármögnunarhreyfingum.</p> <p>Fjárfestingahreyfingar fela í sér kaup og sölu langtímaeigna og annarra fjárfestinga sem teljast ekki ígildi handbærs fjárs.</p> <p>Fjármögnunarhreyfingar fela í sér hreyfingar sem leiða til breytinga á stærð og samsetningu framlagðs eigin fjár og langtímaskuldum.</p> <p>Sjóðstreymi vegna kaupa og sölu á dótturfélögum skal sýna sérstaklega í fjárfestingahreyfingum.</p> <p>Fjárfestinga- og fjármögnunarliðir sem ekki hreyfa handbært fé eiga ekki að vera hluti af yfirliti um sjóðstreymi. Upplýsa á sérstaklega um hreyfingar slíkra liða í skýringum.</p>
Afstemming fjármagnsliða	Félög skulu leggja fram afstemmingu á upphafs- og lokastöðu í efnahagsreikningi fyrir liði sem myndast vegna fjármögnunarhreyfinga.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 1994 eða síðar. Staðallinn var síðan gefinn út sem hluti af endurbótum á stöðlum fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar. Endurbætur vegna skýringarkrafna í tengslum við breytingar á langtímaskuldum tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2017 og síðar.

## IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur

*Accounting Policies, Changes in Accounting Estimates and Errors*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar þegar reikningsskilaaðferð er valin eða henni breytt. Einnig er fjallað um reikningshaldslega meðferð og skýringarkröfur vegna breytinga á reikningshaldslegu mati, breytinga á reikningsskilaaðferðum og leiðréttinga á skekkjum.
Val á reikningsskilaaðferð	Félög skulu innleiða IASB staðla og túlkanir á þeim. Finnist ekki leiðbeiningar í stöðlum eða túlkunum um tiltekna aðstæður, skal líta til þeirra leiðbeininga og túlkana sem IFRS setur um sambærileg eða skyld málefni. Ef ekki finnst umfjöllun um sambærileg eða skyld málefni er horft til hugtakarammans. Félögum er jafnframt heimilt að hafa í huga nýlegar útgáfur frá öðrum reikningsskilaneftum sem nota sambærilegan hugtakaramma, önnur gögn um reikningsskil og viðtekna venjur í viðkomandi atvinnugrein.
Breytingar á reikningsskilaaðferð	Samkvæmni skal vera í reikningsskilaaðferðum fyrir samskonar viðskipti. Einungis skal breyta um reikningsskilaaðferð ef breytingin hefur þau áhrif að upplýsingar í reikningsskilum verði áreiðanlegri og meira viðeigandi.  Sé krafa um að félag breyti um reikningsskilaaðferð samkvæmt IFRS skal meðhöndla breytinguna í samræmi við sérstök innleiðingarákvæði sem fram koma í viðkomandi staðli eða túlkun. Ef nýr staðall hefur ekki tekið gildi og félagið ekki innleitt breytinguna fyrir gildistöku staðals þá skal félagið veita upplýsingar sem eru til staðar, eða félagið getur áætlað, um möguleg áhrif á reikningsskil félagsins við innleiðingu.  Ef félag breytir um reikningsskilaaðferð að eigin frumkvæði þá skal nýrri reikningsskilaaðferð beitt afturvirk með því að endurgera reikningsskil fyrri tímabila. Ef ekki er framkvæmanlegt að meta afturvirk áhrif af breytingum á reikningsskilaaðferð þá heimilar staðallinn undanþágu frá afturvirkri beitingu.
Breytingar á reikningshaldslegu mati	Breyting á reikningshaldslegu mati (t.d. breyting á nýtingartíma eignar) skal færð á yfirstandandi tímabili, eða síðari tímabilum, eða hvoru tveggja. Engin leiðrétting er færð á fyrri tímabilum.
Skekkjur fyrir ára	Allar verulegar skekkjur skal laga með því að leiðréttu samanburðarfjárhæðir fyrir tímabila. Ef skekkjan átti sér stað fyrir tímabil samanburðarfjárhæða skal leiðréttu opunarstöður efnahagsreiknings.

<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	<p>IASB hefur breytt skilgreiningu á mikilvægi. Þessi breyting tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil.</p> <p>Tilvísunum í hugtakarammann (e. conceptual framework) hefur verið breytt og í staðinn er vísað í rammann (framework). Þessi breyting tekur gildi fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil.</p> <p>IASB hefur lagt til mögulegar breytingar á skilgreiningum á reikningsskilaaðferð og reikningshaldslegu mati, með það að markmiði að skýra betur muninn.</p> <p>IASB hefur lagt til mögulegar breytingar til þess að auðvelda beitingu á breyttri reikningsskilaðferð framvirkt þegar breytingin grundvallast á nefndarákvörðun (e. agenda decision).</p>
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar.

## IAS 10 Atburðir eftir lok reikningsskiladags

### *Events after the Reporting Period*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir hvenær félög skulu aðlaga reikningsskil sín vegna atburða sem gerast eftir reikningsskiladag og hvaða upplýsingar skulu koma fram í skýringum.
Atburðir eftir reikningsskiladag	Atburðir eftir reikningsskiladag eru þeir atburðir sem eiga sér stað eftir reikningsskiladag og fram að þeim degi þegar heimild til birtingar liggur fyrir.
Atburðir sem kalla á leiðréttingar	Félög skulu gera leiðréttingar í reikningsskilum vegna atburða eftir reikningsskiladag ef atburðurinn er til kominn vegna aðstæðna sem voru til staðar á reikningsskiladegi (t.d. vegna úrlausnar í dómsmáli sem fæst eftir reikningsskiladag).
Atburðir sem kalla ekki á leiðréttingar	<p>Félög skulu ekki leiðrétta fjárhæðir í reikningsskilum vegna atburða sem eiga sér stað eftir reikningsskiladag (t.d. lækkun á markaðsvirði fjárfestinga), en skýra þarf frá eðli og áhrifum slíkra atburða. Hins vegar skal félag ekki semja reikningsskil sín út frá forsendunni um áframhaldandi rekstrarhæfi ef atburðir eftir reikningsskiladag benda til þess að rekstrarhæfi sé ekki til staðar.</p> <p>Ef lagt hefur verið til eða ákveðið að greiða arð eftir reikningsskiladag skal ekki líta á slíka ákvörðun sem skuld í reikningsskilum félagsins.</p>

<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2005 eða síðar.

## IAS 12 Tekjuskattur

### *Income Taxes*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð tekjuskatts og frestaðs tekjuskatts.
Ógreiddur og frestaður tekjuskattur	Færa skal ógreidda skatta vegna yfirstandandi tímabils miðað við gildandi skatthlutfall þess tímabils.  Tekjuskattsinneign og tekjuskattskuldbinding er skattspörun eða tekjuskattur til greiðslu á síðari tímabilum vegna mismunar á bókfærðu verði eigna og skulda samkvæmt IFRS-stöðlum og skattalegu verði þeirra (tímabundinn mismunur).
Tekjuskattskuldbinding	Færa skal tekjuskattsskuldbindingu fyrir allan tímabundinn mismun nema þegar skuldbindingin hefur orðið til vegna: - upphaflegrar skráningar viðskiptavildar - upphaflegrar skráningar á eign eða skuld í viðskiptum sem ekki tengjast sameiningum félaga og hafa hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattalegan hagnað þegar viðskipti eiga sér stað. -tímabundinna mismuna vegna fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum, hlutdeildarfélögum og hlutdeildar í samrekstri (t.d. vegna óúthlutaðs hagnaðar) þar sem fjárfestirinn stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og líklegt er að mismunurinn snúist ekki við í fyrirsjáanlegri framtíð

Tekjuskattsinneign	<p>Tekjuskattsinneign er færð fyrir frádráttarbæran tímabundinn mismun, ónotað skattalegt tap og ónotaða skattaafslætti, að því marki að líklegt sé að skattalegur hagnaður verði til staðar og að inneignin verði nýtt nema þegar þegar tímabundinn mismunur er vegna:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Tekjuskattsinneignar sem stafar af upphaflegri skráningu eignar eða skuldar í viðskiptum sem eru vegna sameiningar og hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattalegan hagnað á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað.</li> <li>- Tekjuskattsinneignar vegna fjárfestingar í dótturfélögum, útibúum, hlutdeildarfélögum og hlutdeildar í samrekstri þegar ólíklegt er að viðsnúningur verði á frádráttarbærum tímabundnum mismun í fyrirsjáanlegri framtíð.</li> </ul> <p>Meta skal ófærða tekjuskattsinneign í lok hvers reikningsskilatímabils.</p>
Mat á frestuðum skatti	<p>Tekjuskattsskuldbindingu (inneign) skal færa miðað við skatthlutfall sem áætlað er að verði í gildi þegar tímabundni mismunurinn snýst við. Skatthlutfallið skal taka mið af lögum sem eru í gildi á reikningsskiladegi. Óheimilt er að núvirða tekjuskattsskuldbindingu og tekjuskattsinneign.</p> <p>Meta skal tekjuskattsskuldbindingu (inneign) útfrá fyrirætlunum félagsins um endurheimt eða greiðslu á bókfærðu verði eigna þess og skulda. Það er hrekjanleg forsenda fyrir því að bókfært verð fjárfestingareignar sem metin er á gangvirði verði endurheimt í gegnum sölu hennar.</p>
Framsetning ógreidds og frestaðs tekjuskatts	<p>Færa skal ógreidda og frestaða skatta til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi nema í þeim tilvikum þegar tímabundinn mismunur myndast vegna viðskipta sem ekki eru færð í rekstrarreikning eða vegna sameiningar félaga.</p> <p>Tekjuskattsskuldbinding (inneign) skal færð meðal langtímalíða í efnahagsreikningi.</p>
<b>Túlkunir</b>	<p><i>SIC 25 Tekjuskattur – breytingar á skattalegri stöðu félags eða hluthafa þess</i></p> <p>Skattaleg áhrif vegna breytinga skal færa sem hluta af hagnaði eða tapi tímabils nema áhrifin séu í tengslum við atburði sem færðir eru á eigið fé.</p>

**Breytingar sem taka gildi á þessu ári**

IFRIC 23 *Óviss meðferð á tekjuskatti* skýrir að félög skuli meta hvort líkur séu á að skattyfirvöld (sem hafa allar viðeigandi upplýsingar) muni samþykkja óvissa skattalega meðferð í skattskilum. Ef svo er, þá ætti reikningshaldsleg meðferð skatta að vera í samræmi við skattskil. Ef ekki, þá ættu áhrif af óvissri skattalegri meðferð að koma fram í reikningsskilum (líklegasta fjárhæðin eða vegið meðaltal mögulegra niðurstaðna, hvort sem veitir betra spágildi, eru notuð til að spá fyrir um óvissuna). IFRIC 23 er í gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjar 1. janúar 2019 eða síðar.

Breyting sem var hluti af árlegu endurbótaverkefni 2015-2017 skýrir að öll skattaáhrif af arði séu flokkuð á sama hátt, óháð því hvernig skatturinn er tilkominn. Gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.

**Væntanlegar breytingar**

IASB áætlar að gefa út ráðgefandi drög um breytingar á IAS 12. Breytingin myndi þrengja skilyrði IAS 12 fyrir undanþágu vegna upphaflegrar skráningar þannig að hún nái ekki til viðskipta sem leiða til reiknaðs og frestaðs skatts, að því marki að þær fjárhæðir sem skráðar eru vegna tímbundinna mismuna séu þær sömu.

**Saga**

Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 1998 eða síðar. IASB gaf síðar út staðalinn sem hluta af endurbótum á stöðlum, og tók sú útgáfa gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar. Endurbætur voru síðan gerðar sem taka á því hvernig tímabundinn mismunur er metinn þegar fjárfestingareignir eru metnar á gangvirði. Sú breyting tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2012 og síðar og kom í staðinn fyrir SIC 21 *Tekjuskattur – Endurheimt endurmetinna óafskrifanlegra eigna*.

**IAS 16 Varanlegir rekstrarfjármunir***Property, Plant and Equipment*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær grundvallarreglur sem gilda um reikningshaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna.
Upphafleg skráning og mat	<p>Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eignunum muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Þetta tekur líka til ræktunarstöðva sem notaðar eru við framleiðslu á landbúnaðarafurðum.</p> <p>Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Til kostnaðarverðs telst allur sá kostnaður sem fellur til við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Kostnaðarverð felur jafnframt í sér fjármagnskostnað sem rekja má beint til byggingar á eignfærsluhæfri eign – sjá IAS 23.</p> <p>Öll skipti á rekstrarfjármunum skal meta á gangvirði, þar á meðal skipti á svipuðum eignum, nema ekkert verð sé til staðar eða að um sé að ræða eignir þar sem ekki er hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti.</p>
Reikningshaldsleg meðferð eftir upphaflega skráningu	<p>Eftir upphaflega skráningu eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir annað hvort á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun (e. cost model) eða verðmæti eignarinnar er endurmetið á gangvirði hennar á matsdegi að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun (e. revaluation model). Endurmat meðal eigin fjár vegna seldra eða aflagðra eigna ber að færa á óráðstafað eigið fé en ekki í rekstrarreikning.</p> <p>Virðisrýrnun á varanlegum rekstrarfjármunum skal meta í samræmi við IAS 36.</p>
Afskriftir	<p>Afskrift er færð á kerfisbundinn hátt yfir nýtingartíma eignar, að teknu tilliti til hrakvirðis, byggt á afskriftaraðferð sem endurspeglar virðisauka af notkun rekstrarfjármunarins. Hægt er að nota mismunandi viðurkenndar afskriftaraðferðir (s.s. línuleg, stíglækkandi og afskrift sem miðast við framleiðslumagn), en ekki afskriftaraðferð sem byggir alfarið á tekjustreymi af notkun rekstrarfjármunar.</p> <p>Þegar einstakir hlutar varanlegra rekstrarfjármuna hafa mismunandi nýtingartíma skal afskrifa hvern hlut sérstaklega eftir því sem við á.</p> <p>Hrakvirði er sú fjárhæð sem félag myndi fá fyrir eignina í lok nýtingartíma. Nýtingartími og hrakvirði er endurmetið árlega.</p>

Meiriháttar skoðanir	Kostnaður vegna meiriháttar skoðana (e. major inspections) er skráður sem hluti af kostnaðarverði eignar, að uppfylltum skilyrðum eignfærslu, ef rekstrarfjármunurinn (t.d. flugvél) krefst reglulega meiriháttar eftirlits.
Útleigu varanlegra rekstrarfjármuna hætt	Félög sem reglulega selja varanlega rekstrarfjármuni sem áður voru í útleigu, færi þá meðal birgða á bókfærðu verði þegar útleigu er hætt og þeir flokkaðir til sölu. Hagnaður af sölu slíkra eigna er færður meðal tekna samkvæmt IFRS 15.
<b>Túlkunir</b>	IFRIC 1 <i>Breytingar á núverandi skuldbindingum vegna starfsemi sem leggja skal niður, enduruppbyggingu eða sambærilegum skuldbindingum</i> skýrir að bókfært verð eignar er leiðrétt þegar breyting er á áætlaðri skuldbindingu vegna enduruppbyggingar eða starfsemi sem leggja skal niður og tengjast viðkomandi eign.  IFRIC 20 <i>Kostnaður á framleiðslustigi við hreinsun yfirborðsjarðlaga í námuvinnslu</i>  Fjallar um eignfærslu kostnaðar á framleiðslustigi við hreinsun jarðlaga og mat á eigninni í upphafi og eftir upphaflega skráningu
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Ráðgefandi drög voru gefin út árið 2017 þar sem gerð er tillaga um að kostnaður vegna prófunar eignar sé færður meðal tekna en ekki færður til lækkunar á kostnaðarverði eignar.
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út sem hluti af endurbótum á stöðlum, og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar.



**IAS 19 Starfskjör***Employee Benefits*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær reikningsskilaaðferðir og skýringar sem gjalda um starfskjör. Þar á meðal eru skammtímarstarfskjör (laun, launað orlof og launað veikindaleyfi, hagnaðarskipting, kaupaukar og önnur hlunnindi sem ekki verða mæld í peningum), lífeyrir, líftryggingar og lækniþjónusta eftir starfslok, önnur langtímarstarfskjör (leyfi vegna langs starfsaldurs, örorkubætur, hagnaðarhlutdeild til langs tíma og kaupaukar) og starfslokakjör.
Meginregla	<p>Kostnað vegna starfskjara skal gjaldfæra á því tímabili sem starfsmaður vinnur fyrir þeim fremur en þegar starfskjörin eru greidd út eða skuld myndast.</p> <p>Skammtímarstarfskjör (þess er vænst að greiðsla sé innt af hendi innan 12 mánaða frá lokum þess reikningsskilatímabils sem þjónustan var veitt) skal gjaldfæra á því tímabili sem starfsmaður innir þjónustuna af hendi. Skuld vegna starfskjara skal ekki núvirða.</p> <p>Hagnaðarhlutdeild og kaupauka skal einungis færa þegar félag hefur lagalega og líklega greiðsluskyldu og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti.</p>
Eftirlaunakjör	Eftirlaunakjör (t.d. lífeyrir og lækniþjónusta eftir starfslok) skiptast í iðgjaldatengda sjóði (e. contribution plans) eða réttindatengda sjóði (e. defined benefit plans).
Iðgjaldatengdir sjóðir	Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði eru gjaldfærð á því tímabili sem starfsmaður innir þjónustuna af hendi.

Réttindatengdir sjóðir	<p>Skuld (eða eign) er færð sem svarar til mismunar á núvirði réttindatengdrar lífeyrisskuldar og gangvirðis eigna til greiðslu lífeyris í lok reikningsskiladags. Núvirði er reiknað með afvöxtunarhlutfalli sem endurspeglar markaðsávöxtun fyrirtækjaskulda-bréfa í hæsta gæðaflokki.</p> <p>Eignir til greiðslu lífeyris eru þær eignir sem lífeyrissjóður hefur yfir að ráða sem og viðurkennd tryggingarskírteini. Réttindatengda lífeyriseign skal miða við uppsöfnuð réttindi eða hámarks réttindi (e. asset ceiling) hvort sem lægra er. Hámark réttinda er skilgreint sem núvirði hagræns ávinnings af eigninni sem annað hvort er í formi endurgreiðslu úr sjóðnum eða lækkunar á framtíðarframlögum.</p> <p>Breytingar á réttindatengdri lífeyrisskuld eða eign fela í sér kostnað vegna áunninna réttinda (e. service cost), vaxtamun (e. net interest) og endurmat (e. remeasurements).</p> <p>Sérkostnaður vegna áunninna réttinda er sú aukning sem verður á núvirði réttindatengdu lífeyrisskuldbindingarinnar vegna vinnuframlags starfsmanns á yfirstandandi tímabili, ásamt breytingum á núvirði kuldbindingarinnar vegna vinnuframlags á fyrri tímabilum sem eru afleiðing breytinga á réttindum. Sérkostnaður vegna áunninna réttinda er færður sem hagnaður eða tap í rekstrarreikningi.</p> <p>Hreinir vextir sem myndast vegna breytingar á núvirði skuldar (eignar) með tíma (e. caused by passage of time) er færður sem hagnaður eða tap í rekstrarreikningi.</p> <p>Endurmat felur í sér tryggingafræðilegan hagnað eða tap (s.s. breytingar á forsendum í tryggingafræðilegu mati) og ávöxtun eigna til greiðslu lífeyris og er fært á meðal annarrar heildarafkomu.</p> <p>Ef um er að ræða lífeyriskostnað hjá samstæðu er hreinn kostnaður færður í aðgreind reikningsskil þess félags sem samkvæmt lögum greiðir kostnað vegna starfsmanns nema um sé að ræða samning sem segir til um annað eða að til sé opinber stefna þar sem kostnaðarskipting er tilgreind.</p>
Önnur starfskjör til lengri tíma	<p>Önnur starfskjör til lengri tíma skulu metin og færð á sama hátt og eftirlaunakjör samkvæmt réttindatengdum lífeyrissjóði. Ólíkt réttindatengdum lífeyrissjóðum þarf að færa breytinguna strax í rekstrarreikning.</p> <p>Starfslokakjör (e. termination benefits) skal færa eftir því hvort kemur fyrir, félag getur ekki lengur dregið til baka tilboð um starfslok eða kostnaður fellur til vegna endurskipulagningar skv. IAS 37 og felur í sér greiðslu vegna starfsloka.</p>

<b>Túlkaniir</b>	<p>IFRIC 14 <i>Fyrirframgreiðslur félaga sem þurfa að uppfylla kröfur um lágmarksframlag</i></p> <p>IFRIC 14 fjallar um þrjú málefni: Hvenær eigi að taka tillit til endurgreiðslu eða lækkunar á framtíðarframlögum, hvernig krafa um lágmarksfjármögnun geti haft áhrif á mögulega lækkun framtíðarframlaga og hvenær kröfur um lágmarksfjármögnun geti hækkað skuldbindingu.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	<p>Endurbætur á IAS 19 gera kröfu um að þegar breyting eða skerðing verður á réttindum þá séu notaðar uppfærðar forsendur í útreikningum á sérkostnaði vegna áunninna réttinda og hreinna vaxta fyrir eftirstæð tímabil rekstrarárs. Breytingin er í gildi fyrir reikningsskilátímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.</p>
<b>Væntanlegar breytingar</b>	<p>IASB hefur lagt fram tillögu um breytingu á IFRIC 14 til skýringar á reikningshaldslegri meðferð þegar aðrir aðilar hafa rétt til ákvörðunartöku um réttinda-tengda sjóði félags.</p> <p>Þá hefur IASB jafnframt ákveðið að yfirfara kröfur vegna eftirlaunakjara sem velta á ávöxtun eigna.</p>
<b>Saga</b>	<p>IASB innleiddi útgáfu IAS 19 frá 1993 sem hluta af reikningsskilastöðlunum sem tóku gildi árið 2005. Á árinu 2011 þá gerði IASB nokkrar breytingar á IAS 19, þ.m.t. að fella niður heimild til að fresta færslu breytinga á réttindatengdri lífeyrisskuld.</p>

## IAS 20 Skráning opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð

*Accounting for Government Grants and Disclosure of Government Assistance*

<b>Markmið</b>	<p>Lýsir því hvernig gera skal grein fyrir opinberum styrkjum og annarri ríkisaðstoð í reikningsskilum og skýringum.</p>
Skráning opinberra styrkja	<p>Einungis skal skrá opinbera styrki þegar nægjanleg víska er um að félag uppfylli þau skilyrði sem styrkurinn er háður og áreiðanlegt er að styrkurinn fáiast greiddur. Styrki, aðra en þá sem fela í sér greiðslu peninga, skal færa á gangvirði. Einnig er heimilt að færa slíka styrki á nafnvirði.</p> <p>Ágóða af láni frá hinu opinbera á hagstæðari vöxtum en bjóðast á markaði skal meðhöndla í reikningsskilum sem styrk. Styrkurinn er mismunurinn á upphaflegu bókfærðu verði lánsins ákvörðuðu í samræmi við IFRS 9 og móttækinni fjárhæð.</p>

Framsetning	Opinbera styrki skal tekjufæra og jafna á móti tengdum kostnaði yfir þau tímabil sem um ræðir. Tekjutengdir styrkir eru ýmist færðir meðal tekna eða til lækkunar á viðeigandi kostnaði. Eignatengda styrki skal færa sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi eða til lækkunar á bókfærðu verði eignarinnar sem styrkurinn tengist.
<b>Túlkanir</b>	SIC 10 <i>Opinber aðstoð – engin ákveðin tengsl við rekstrarhreyfingar</i> Stuðningur frá hinu opinbera við tiltekna atvinnugreinar á sérstökum landsvæðum eða í sérstökum iðnaði skal færa sem opinberan styrk.
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 1984 eða síðar. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

## IAS 21 Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla

### *The Effects of Changes in Foreign Exchange Rates*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær aðferðir sem beita skal um viðskipti í erlendum gjaldmiðli og um erlenda starfsemi.
Starfrækslugjaldmiðill	Starfrækslugjaldmiðill félags er sá gjaldmiðill sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir. Umreikna skal alla liði í erlendum gjaldmiðli yfir í starfrækslugjaldmiðil.
Gengismunur vegna viðskipta	Viðskipti eru færð á gengi viðskiptadags við upphaflega skráningu og mat.

Gengismunur sem myndast við þýðingu við lok reikningsskiladags	<p>Í lok reikningsskilatímabils skulu efnislegir liðir sem metnir eru á upphaflegu kostnaðarverði umreiknaðir á gengi viðskiptadags, peningalegir liðir eru umreiknaðir á lokagengi og efnislegir liðir sem metnir eru á gangvirði eru færðir á skráðu gengi á matsdegi.</p> <p>Færa skal gengismun sem myndast við umreikning á peningalegum liðum í rekstrarreikning að einu undanskildu. Gengismunur sem myndast vegna peningalegra eigna sem eru hluti af hreinni fjárfestingu í erlendri starfsemi er færður sem þýðingarmunur í gegnum aðra heildarafkomu. Við sölu á fjárfestingunni eða við upplausn hennar er þýðingarmunurinn meðal eigin fjár færður í rekstrarreikning.</p>
Umreikningur reikningsskila í framsetningargjaldmiðil	<p>Þegar framsetningargjaldmiðill félags er annar en starfrækslugjaldmiðill þess, þá er rekstrar- og efnahagsreikningur félagsins umreiknaður í viðkomandi framsetningargjaldmiðil.</p> <p>Eignir (þ.m.t. viðskiptavild sem myndast vegna kaupa á erlendri starfsemi) og skuldir (á einnig við um samanburðarfjárhæðir) eru umreiknaðar yfir á lokagengi reikningsskiladags.</p> <p>Tekjur og gjöld (á einnig við um samanburðarfjárhæðir) eru umreiknuð yfir á gengi viðskiptadags.</p> <p>Allur gengismunur er sérgreindur í reikningsskilunum og aðskilinn frá öðrum liðum. Greint er frá uppsöfnuðum gengismun á meðal eigin fjár þar til erlenda starfsemin hefur verið aflögð eða seld.</p> <p>Þar sem óðaverðbólga ríkir gilda sérstakar reglur um umreikning úr starfrækslugjaldmiðli í framsetningargjaldmiðil.</p>
<b>Túlkaniir</b>	<p>SIC 7 <i>Uptaka evru</i> skýrir hvernig skuli beita skuli IAS 21 þegar Evrópusambandsríki taka upp evru.</p> <p>Í kaflanum um IFRS 9 má finna samatekt á IFRIC 16 <i>Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi</i>.</p> <p>IFRIC 22 <i>Viðskipti í erlendri mynt og fyrirframgreiðslur</i> skýrir að færa skuli mótteknar og greiddar fyrirframgreiðslur á gengi þess dags þegar fyrirframgreiðslan er skráð.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út sem hluti af endurbótum á stöðlum, og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar.

**IAS 23 Fjármagnskostnaður***Borrowing Costs*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð fjármagnskostnaðar vegna kaupa eða byggingu eignar.
Fjármagnskostnaður sem hluti af kostnaðarverði eignar	<p>Fjármagnskostnað sem rekja má beint til kaupa eða byggingar á eignfærsluhæfri eign skal eignfæra sem hluta af kostnaðarverði eignarinnar. Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.</p> <p>Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.</p> <p>Að því marki sem almennar lántökur eru notaðar í þeim tilgangi að afla eignfærsluhæfrar eignar skal ákvarða fjárhæð eignfæranlegs fjármagnskostnaðar hlutfallslega. Eignfærsluhlutfall skal vera vegið með- altal fjármagnskostnaðar útistandandi fjármagns á tímabilinu. Fjárhæð fjármagnskostnaðar, sem eignfærð er á ákveðnu tímabili, má ekki vera umfram þá fjárhæð fjármagnskostnaðar sem stofnað er til á því tímabili.</p>
<b>Túlkanið</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Breyting á IAS 23 tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar og er henni ætlað að skýra að þegar eignfærsluhæf eign er tilbúin fyrir notkun eða sölu, þá skuli félagið líta á útistandandi fjármögnun vegna viðkomandi eignar sem hluta af almennri fjármögnun félagsins.
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Upphaflega gefinn út árið 1993. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Heimild til að færa fjármagnskostnað strax til gjalda var felld úr gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2009 eða síðar.

**IAS 24 Upplýsingar um tengda aðila***Related Party Disclosures*

<b>Markmið</b>	Að tryggja að reikningsskilin feli í sér allar nauðsynlegar upplýsingar svo hægt sé að meta möguleg áhrif tengdra aðila á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félags.
Tengdur aðili	<p>Tengdur aðili er einstaklingur eða félag sem tengist því félagi sem reikningsskilin taka til.</p> <p>Einstaklingur eða náskyldur ættingi hans er tengdur aðili ef hann fer með yfirráð eða sameiginleg áhrif, hefur veruleg áhrif eða er einn af lykilstjórnendum félags eða móðurfélags þess. Þetta á jafnframt við um félög sem tengjast slíkum einstaklingum með ofangreindum hætti.</p> <p>Félag er tengdur aðili þess félags sem reikningsskilin taka til ef félagið er hluti af sömu samstæðu, annað hvort félagið er hlutdeildarfélag eða félag í sameiginlegri eigu hins, félögin eru í sameiginlegri eigu sama aðila, annað félagið er í sameiginlegri eigu þriðja aðila og hitt félagið er hlutdeildarfélag viðkomandi þriðja aðila, félagið er eftirlaunasjóður starfsmanna félagsins sem reikningsskilin taka til eða félags sem tengist því, félagið eða einhver meðlimur samstæðunnar sem félagið er hluti af, veitir þjónustu vegna lykilstjórnunarstarfa til þess félags sem gerir reikningsskilin eða móðurfélags þess.</p>
Skýringar	<p>Staðallinn gerir kröfu um að í skýringum skuli greina frá tengslum milli tengdra aðila þar sem stjórnunaráhrif eru til staðar án tillits til þess hvort viðskipti hafi átt sér stað eður ei.</p> <p>Ef viðskipti hafa verið milli tengdra aðila skal skýra frá eðli sambands þeirra og veita upplýsingar um viðskiptin svo hægt sé að meta möguleg áhrif þeirra á reikningsskilin.</p> <p>Staðallinn felur í sér undanþágu að hluta fyrir félög tengd hinu opinbera.</p>
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Upphaflega gefinn út árið 1993. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Staðallinn var endurbættur árið 2011 til þess að veita félögum tengdum hinu opinbera undanþágu að hluta til frá skýringarkröfum.

**IAS 26 Reikningshald og reikningsskil eftirlaunasjóða***Accounting and Reporting by Retirement Benefit Plans*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð eftirlaunasjóða og hvaða skýringar ber að hafa í reikningsskilum þeirra.
Samantekt	Tekur á þeim kröfum sem gerðar eru til reiknings-skila vegna iðgjaldatengdra og réttingatengdra sjóða, þar með talið þörfina fyrir tryggingafræðilegt mat áfallinna skuldbindinga og að eignir í eftirlauna-sjóðum séu metnar á gangvirði.
<b>Túlkunir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Upphaflega gefinn út árið 1987. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 27 Aðgreind reikningsskil***Separate Financial Statements*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðhöndlun fjárfestinga í dótturfélögum, félögum í sameiginlegri eigu og hlutdeildarfélögum þegar um er að ræða aðgreind reikningsskil.
Reikningshaldsleg meðhöndlun	Í aðgreindum reikningsskilum móðurfélags er eignarhluti í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu færður á kostnaðar-verði sem fjárfesting í samræmi við IFRS 9 eða með hlutdeildaraðferð í samræmi við IAS 28.
<b>Túlkunir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar



**Saga**

Hluti af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Á árinu 2011 var IAS 27 breytt og var staðallinn endurnefndur þegar kröfur um samstæðureikningsskil voru færðar úr IAS 27 í IFRS 10. Sú breyting tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 eða síðar. Á árinu 2012 var skýringarkröfum um fjárfestingarfélög bætt við staðallinn og á árinu 2014 varð breyting sem heimilar móðurfélagi að beita hlutdeildaraðferð fyrir fjárfestingar í dótturfélögum, hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu í aðgreindum reikningsskilum sínum.

**IAS 28 Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu***Investments in Associates and Joint Ventures***Markmið**

Lýsir reikningshaldslegri meðferð á fjárfestingum í hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu.

## Skilgreining á hlutdeildarfélagi

Hlutdeildarfélag er félag sem fjárfestir hefur veruleg áhrif yfir.

Ef fjárfestir fer með yfir 20% atkvæðaréttar í félagi, hvort sem eignarhaldið er beint eða óbeint, má gera ráð fyrir að hann hafi veruleg áhrif.

Í IFRS 11 eru að finna leiðbeiningar varðandi mat á sameiginlegum yfirráðum (e. joint control) og mat á því hvort félag teljist eiga fjárfestingu í félagi í sameiginlegri eigu.

## Reikningshaldsleg meðferð

Hlutdeildaraðferð er beitt fyrir fjárfestingar í hlutdeildarfélögum og félögum í sameiginlegri eigu.

Ef fjárfestirinn er hins vegar áhættufjárfestingarfélag (e. venture capital firm), verðbréfasjóður (e. mutual fund) eða sambærileg rekstrareining, þá getur hann valið að meta fjárfestinguna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.

Í aðgreindum reikningsskilum fjárfestis skal reikningshaldsleg meðferð á fjárfestingu í hlutdeildarfélagi eða félagi í sameiginlegri eigu vera í samræmi við IAS 27.

Hlutdeildaraðferð	<p>Fjárfesting er skráð upphaflega á kostnaðarverði. Hlutdeild í hagnaði eða tapi er færð til hækkunar eða lækkunar á fjárfestingareikningi og á móti í rekstrarreikning sem hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélags.</p> <p>Reikningsskilaaðferðir hlutdeildarfélags og félags í sameiginlegri eigu skulu vera þær sömu og hjá fjárfestinum fyrir áþekk viðskipti og atburði við svipaðar kringumstæður. Hins vegar er félagi sem ekki er fjárfestingarfélag, en hlutdeildarfélag eða félag í sameiginlegri eigu þess er fjárfestingarfélag, heimilt að notast við gangvirðismat síðarnefndu félaganna við mat á eigin dótturfélögum.</p> <p>Reikningsskiladagur hlutdeildarfélags og félags í sameiginlegri eigu má ekki vera meira en 3 mánuðum frá reikningsskiladegi fjárfestis.</p>
Virðisrýrnun	<p>Framkvæmd virðisrýrnunarprófs er samkvæmt IAS 36. Einnig skal horfa til IFRS 9 vegna vísbendinga um virðisrýrnun. Fjárfestingu í hlutdeildarfélagi og félagi í sameiginlegri eigu skal meðhöndla sem sjálfstæða eign í virðisrýrnunarprófi.</p>
Breyting á eignarhlutdeild	<p>Þegar félag hættir að beita hlutdeildaraðferð (t.d. vegna breytinga á eignarhaldi) er fjárfesting í hlutdeildarfélagi endurmetin á gangvirði á þeim degi og hagnaður eða tap fært í rekstrarreikning. Vegna viðskipta með eignir sem teljast atvinnurekstur (samkvæmt skilgreiningu IFRS 3), er hagnaður eða tap fært að fullu. Eftir það er fjárfestingin færð í samræmi við IFRS 9, nema ef fjárfestingin verður dótturfélag, þá er fjárfestingin færð í samræmi við IFRS 3.</p>
<b>Túlkunar</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	<p>Breytingar á IAS 28 skýra að kröfur IFRS 9 um virðisrýrnun eiga við um langtímalán fjárfestis til hlutdeildarfélags eða félags í sameiginlegri eigu sem er flokkað sem hluti af fjárfestingu í viðkomandi félagi. Þessi breyting er í gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.</p>

**Væntanlegar breytingar**

Endurbætur frá september 2014 skýra að í viðskiptum við hlutdeildarfélag eða félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture), veltur skráning hagnaðar eða taps á því hvort seldar eða framlagðar eignir teljast vera atvinnurekstur. IASB ákvað í desember 2015 að fresta gildistökudegi breytinganna um óákveðinn tíma. Innleiðing er heimil fyrir þann tíma.

IASB er að skipuleggja rannsóknarverkefni til að meta hvort hægt sé að laga vandamál tengd notkun hlutdeildaraðferðar (fyrir fjárfestingar í hlutdeildarfélagum og félögum í sameiginlegri eigu) með endurbótum á hlutdeildaraðferðinni eða hvort þörf sé á yfirferð á grundvallaratriðum.

**Saga**

Hluti af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar, en var breytt þegar við útgáfu IFRS 10 og tók sú breyting gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 eða síðar.

**IAS 29 Reikningsskil í hagkerfum óðaverðbólgu***Financial Reporting in Hyperinflationary Economies*

<b>Markmið</b>	Setur fram kröfur fyrir reikningsskil félaga sem gera upp í gjaldmiðli hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir.
Óðaverðbólga	Almennt má segja að hagkerfi búi við óðaverðbólgu ef uppsöfnuð verðbólga á þriggja ára tímabili nálgaast eða fer yfir 100%.
Breyting á matsgrunni	Reikningsskil félags sem hefur starfrækslugjaldmiðil hagkerfis þar sem óðaverðbólga ríkir skulu sett fram á því gengi sem í gildi er á reikningsskiladegi. Hagnaður eða tap á hreinni peningalegri stöðu er hluti af afkomu í rekstrarreikningi.  Samanburðarfjárhæðir fyrra tímabils skulu einnig settar fram á því gengi sem er í gildi á reikningsskiladegi.
Þegar óðaverðbólga er ekki lengur til staðar	Þegar óðaverðbólga ríkir ekki lengur verður bókfært verð eigna og skulda samkvæmt síðasta uppgjöri grunnur að bókfærðu verði við gerð reikningsskila í framtíðinni.
<b>Túlkunar</b>	IFRIC 7 <i>Notkun endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29</i> Þegar óðaverðbólga ríkir í hagkerfi þess gjaldmiðils sem skilgreindur er sem starfrækslugjaldmiðill verður að fara að þeim kröfum sem gerðar eru í IAS 29 líkt og óðaverðbólga hafi ávallt ríkt í hagkerfinu.
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB hefur áætlanir um að skoða hvort auka þurfi umfang þessa staðals til þess að taka tillit til hagkerfa þar sem einungis ríkir há verðbólga.
<b>Saga</b>	Upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 1990 eða síðar. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 32 Fjármálagerningar: Framsetning***Financial Instruments: Presentation*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær meginreglur sem gilda um flokkun og framsetningu fjármálagerninga meðal skulda eða eigin fjár og jöfnun fjáreigna og fjárskulda.
Flokkun	<p>Flokkun fjármálagernings byggir á efni hans fremur en formi og er viðeigandi flokkun metin við útgáfu gerningsins en ekki breytt eftir það. Eiginfjárgerningur er samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum eins aðila eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.</p> <p>Fjármálagerningur er fjárskuld ef útgefandinn er skuldbundinn til að láta af hendi handbært fé eða aðra fjáreign eða ef handhafinn getur krafist handbærs fjár eða annarra fjáreigna. Dæmi um slíkt eru bankalán og viðskiptaskuldir, en einnig innkallanleg forgangshlutabréf.</p> <p>Fjármálagerningar með söluþrétti og fjármálagerningar sem skuldbinda félag að afhenda hlutdeild í eignum félagsins við gjaldþrot (e. liquidation) eru víkjandi gagnvart öðrum flokkum fjármálagerninga og að öðrum skilyrðum uppfylltum, flokkaðir sem eiginfjárgerningar jafnvel þó þeir uppfylli skilyrði skuldbindinga.</p> <p>Við útgáfu skal útgefandi greina á milli skulda- og eiginfjárhluta samsetts fjármálagernings. Dæmi um slíkan fjármálagerning er breytanlegt skuldabréf.</p> <p>Kaup og sala á eigin bréfum er færð á eigið fé.</p>
Kostnaður	Kostnaður við útgáfu eða endurkaup eiginfjárgerninga er færður til lækkunar á eigin fé, að teknu tilliti til skattaáhrifa.
Jöfnun	Jöfnun fjáreigna og fjárskulda er aðeins heimil þegar félag hefur lagalegan rétt til þess og hefur í hyggju að gera upp samningana nettó eða samtímis.
Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu	Vextir, arður, hagnaður og tap tengt fjármálagerningum sem flokkaður er sem skuld er tekju- eða gjaldfært með viðeigandi hætti.
<b>Túlkunir</b>	<p>IFRIC 2 <i>Hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar</i></p> <p>Flokkað sem skuldir nema samstarfsverkefnið feli í sér lögbundinn rétt um að innköllunar verði ekki krafist.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB hefur til skoðunar að bæta kröfur í IAS 32 fyrir flokkun fjármálagerninga í eiginfjárgerninga eða skuldir, og gaf út umræðuskjal þess efnis árið 2018.

**Saga**

Hluti af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Í desember árið 2005 voru allar skýringar-kröfur fyrir fjármálagerninga færðar í IFRS 7. Endurbætur voru jafnframt gerðar á IAS 32 staðlinum í október 2009 sem náðu til fjármálagerninga með sölurétti.

**IAS 33 Hagnaður á hlut***Earnings per Share*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær reglur sem gilda um ákvörðun og framsetningu á hagnaði á hlut.
Gildssvið	Staðallinn á við um félög sem eru með skráð hlutafé á markaði, félög sem hyggjast fara á markað og félög sem velja að greina frá hagnaði á hlut.
Hagnaður á hlut	<p>Birta skal upplýsingar um hagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut vegna hvers flokks almennra hluta sem hafa mismunandi rétt til hagnaðarhlutdeildar á tímabilinu. Framsetning á hagnaði á hlut og þynntum hagnaði á hlut skal vera með líkum hætti í reikningsskilunum.</p> <p>Hagnaður á hlut er birtur fyrir hagnað eða tap sem rennur til hluthafa móðurfélags, fyrir hagnað eða tap af áframhaldandi starfsemi sem rennur til hluthafa móðurfélags og fyrir hvers konar aflagða starfsemi. Hagnað á hlut af aflagðri starfsemi má birta í skýringum.</p>
Útreikningur á hagnaði á hlut	<p>Í teljara er hagnaður eftir skatta, hlutdeild minnihluta og arðs af forgangshlutabréfum (e. preferred stock).</p> <p>Í nefnara er vegið meðaltal útistandandi hluta á tímabilinu.</p>

Útreikningur á þynntum hagnaði á hluti

Þynning hluta er lækkun hagnaðar eða taps á hlut að því gefnu að breytanlegir gerningar séu innleystir, valréttarsamningar og ábyrgðir séu nýttar sem og að almennir hlutir séu gefnir út að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Í teljara er hreinn hagnaður eða tap sem tilheyrir almennum hluthöfum á tímabilinu að viðbættum arði og vöxtum, að teknu tilliti til skattaáhrifa, af væntum almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum (t.d. valréttarsamningar, ábyrgðir, skiptanleg viðskiptabréf og tryggingaábyrgðir). Einnig skal leiðrétta allar aðrar breytingar á tekjum eða gjöldum sem stafa af umbreytingu á væntum, almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum.

Í nefnara er vegið meðaltal útistandandi hluta á tímabilinu að viðbættum þeim fjölda bréfa sem yrðu gefin út við umbreytingu á öllum væntum, almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum yfir í almennt hlutfé.

Væntir almennir hlutir sem verða ekki fyrir þynningaráhrifum eiga ekki að koma fram í útreikningum.

<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Hluti af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

## IAS 34 Árshlutareikningar

*Interim Financial Reporting*

### Markmið

Tilgreinir þær lágmarkskröfur sem árshlutareikningar skulu innihalda og meginreglur við skráningu og mat.

### Gildissvið

Árshlutareikningur sýnir reikningsskil í heild sinni eða samandregin fyrir tímabil sem er styttra en fjárhagsár félagsins.

IAS 34 á við þegar félagi er skylt samkvæmt eftirlitsaðila eða kýs að birta árshlutareikning í samræmi við IFRS.

Innihald	<p>Árshlutareikningur skal að lágmarki sýna saman-dregin yfirlit efnahagsreiknings, rekstrarreiknings/ heildarafkomu, eigin fjár, sjóðstreymis og valdar skýringar.</p> <p>Skýringar árshlutareiknings eiga að veita upplýs- ingar um atburði og viðskipti sem mikilvægar eru skilningi á þeim breytingum sem átt hafa sér stað á tímabilinu frá síðasta ársreikningi félagsins. IAS 34 tilgreinir þau atriði sem teljast mikilvæg til skilnings á slíkum breytingum.</p>
Meginreglur	<p>Mikilvægi er byggt á fjárhæðum árshlutans ekki áætlunum.</p> <p>Við gerð árshlutareiknings gilda sömu reiknings- skilareglur og við gerð ársreiknings.</p> <p>Tekjur skulu skráðar þegar til þeirra er unnið og gjöld þegar þau falla til.</p>
<b>Túlkanir</b>	<p>IFRIC 10 <i>Árshlutareikningsskil og virðisrýrnun</i></p> <p>Hafi félag fært virðisrýrnun í árshlutareikningi vegna viðskiptavildar eða fjárfestingar í eiginfjárgerningum eða öðrum fjáreignum sem skráðar er á kostnað- arverði, skal ekki bakfæra þá virðisrýrnun í síðari árshlutareikningum eða ársreikningi.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	<p>Staðallinn var upphaflega gefinn út árið 2000. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðl- um sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.</p>



**IAS 36 Virðisrýrnun eigna***Impairment of Assets*

<b>Markmið</b>	Að eignir séu ekki skráðar á hærra verði en endurheimtanlegri fjárhæð og tilgreina hvernig endurheimtanleg fjárhæð, virðisrýrnun eða bakfærsla hennar, er reiknuð.
Gildissvið	IAS 36 tekur til eigna sem eru ekki innan gildissviðs annarra staðla. Sérkröfur gilda varðandi birgðir (IAS2), samnings- eignir og kostnað við að uppfylla samning (IFRS 15), tekjuskattsinnæign (IAS 12), eigna vegna starfskjara (IAS 19), fjáreigna (IFRS 9), fjárfestingareigna sem metnar eru á gangvirði (IAS 40), lífrænna eigna sem metnar eru á gangvirði að frádregnum sölukostnaði (IAS 41), samninga innan gildissviðs IFRS 17 og fastafjármuna til sölu (IFRS 5).
Virðisrýrnun	Meta skal á hverjum reikningsskiladegi hvort vísbendingar eru um að eign hafi orðið fyrir virðisrýrnun. Framkvæma skal að minnsta kosti árlega virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild og öðrum óefnislegum eignum með ótakmarkaðan nýtingartíma, óháð því hvort vísbending sé um virðisrýrnun.
Skráning	Færa skal virðisrýrnun þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Virðisrýrnun eigna sem færðar eru á kostnaðarverði skal gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýrnun endurmetinna eigna er færð til lækkunar á endurmati. Bakfærslu á virðisrýrnun er krafist í ákveðnum tilvikum en aldrei vegna viðskiptavildar.
Endurheimtanleg fjárhæð	Endurheimtanleg fjárhæð er nýtingarvirði eignar eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði. Afvöxtunarstuðull sem notast er við er sú ávöxtunarkrafa fyrir skatta sem fjárfestar myndu gera á fjárfestingu sem myndi skila sjóðstreymi sem jafngildir því sem vænst er af eigninni. Þegar mat á framtíðarsjóðstreymi hefur verið leiðrétt vegna áhættu skal afvöxtunarstuðull ekki endurspegla þá áhættu. Gangvirði er skilgreint í IFRS 13. Dæmi um kostnað við að selja eða afleggja eign eru í IAS 36, s.s. lögfræðikostnaður, kostnaður við að fjarlægja eign og beinn kostnaður til að koma eign í söluhæft ástand.

Fjárskapandi einingar	Ef ekki er hægt að meta endurheimtanlega fjárhæð á einstökum eignum skal meta endurheimtanlega fjárhæð þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin tilheyrir. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi eignaflokkur sem skilar innstreymi handbærs fjár sem er að stærstum hluta óháð innstreymi handbærs fjár frá öðrum eignum eða eignaflokkum.
Viðskiptavild	Virðisýrnunarpróf á viðskiptavild er framkvæmt á lágsta þrepi innan félagsins sem stjórnendur fylgjast með, að því gefnu að fjárskapandi einingin eða einingarnar sem viðskiptavildin tilheyrir sé ekki stærri en skilgreindur starfsþáttur samkvæmt IFRS 8.
<b>Túlkunir</b>	Sjá umfjöllun í IAS 34 í tengslum við IFRIC 10 <i>Árshlutareikningsskil og virðisýrnun</i>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB er að skoða möguleika til að bæta eða einfalda núverandi virðisýrnunarpróf á viðskiptavild.
<b>Saga</b>	Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir viðskiptavild og óefnislegar eignir sem verða til við yfirtöku félaga sem eiga sér stað 31. mars 2004 eða síðar. Gildir einnig um allar aðrar eignir fyrir fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 31. mars 2004 eða síðar. IASB innleiddi staðallinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 37 Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir***Provisions, Contingent Liabilities and Contingent Assets***Markmið**

Tilgreinir skilyrði og matsgrunni fyrir skuldbindingar, óvissar skuldir og eignir og tengdum skýringarkröfum.

## Skuldbindingar

Skuldbinding er einungis færð þegar lagaleg eða líkleg greiðsluskýlda hvílir á félagi og hægt er að meta fjárhæðina með áreiðanlegum hætti. Sú fjárhæð sem færð er skal byggja á besta mögulega mati miðað við þær forsendur sem liggja fyrir á reikningsskiladegi.

Ef áhrif af tímavirði peninga eru veruleg, eins og gæti verið í tilfalli kostnaðar vegna niðurlagningar eða enduruppbyggingar á eignum eða starfsemi sem er gert upp í framtíð, þá er skuldbindingin metin á núvirði þess kostnaðar sem vænst er að falli til við að gera skuldina upp. Áhrif afvöxtunar eru færð í gegnum rekstrarreikning sem fjármagnskostnaður.

Á hverjum reikningsskiladegi skal meta virði skuldbindinga og gera breytingar á bókfærðu verði ef þurfa þykir.

Áætluð útgjöld í framtíð, jafnvel þau sem hafa verið samþykkt af stjórn eða álíka ákvörðunarvaldi, sem og áfallin gjöld vegna sjálfsábyrgðar tjóna, almennrar óvissu og annarra atburða sem hafa ekki átt sér stað eru ekki færð til skuldar.

Að sama skapi getur rekstartap í framtíð ekki fallið undir skilgreiningu á skuld þar sem engin skuldbinding er til staðar vegna þess í lok reikningsskilatímabils. Vænt tap í framtíð kallar hins vegar á mat á virðisrýrnun (IAS 36).

Íþyngjandi samningar  
(e. onerous contracts)

Óuppfylltur samningur er samningur (eða hluti samnings) sem hvorugur samningsaðili hefur uppfyllt, eða báðir samningsaðilar hafa aðeins uppfyllt að hluta. Dæmi eru viðhalds- eða þjónustusamningar og starfsmannasamningar. Eignum og skuldum vegna slíkra samninga er jafnað og eru áhrif þeirra á efnahagsreikning því engin.

Óuppfylltur samningur verður íþyngjandi þegar óhjákvæmilegur kostnaður til að uppfylla samning verður meiri en ávinningur af samningnum. Dæmi um slíkt er þegar félag getur ekki hætt við samning vegna þrifa og verður að halda áfram að greiða fyrir slíka þjónustu þrátt fyrir að hafa yfirgefið húsnæðið sem þjónustan tengist. Íþyngjandi samningur gefur tilefni til þess að færa upp skuldbindingu. Hins vegar verður að gæta þess að meðtaka ekki rekstartap í framtíð við mat á skuldbindingunni.

Óvissar skuldir	<p>Óvissar skuldir skal ekki færa í reikningsskilin, aðeins geta um í skýringum nema ef ólíklegt þykir að skuld leiði til útstreymis fjármuna.</p> <p>Óvissar skuldir eru ekki færðar í reikningsskilin þar sem annað hvort er um að ræða mögulega skuldbindingu sem veltur á atburði í framtíð sem félagið fær ekki ráðið við eða um er að ræða núverandi skuldbindingu sem ekki er hægt að meta með áreiðanlegum hætti (sjaldgæft) eða ólíklegt þykir að hún leiði til útstreymis fjármuna.</p>
Óvissar eignir	<p>Óvissar eignir eru til staðar þegar líkur eru á að innstreymi fjármuna muni eiga sér stað. Slík eign veltur á atburði sem ekki er alfarið á stjórn félagsins.</p> <p>Óvissar eignir skal ekki færa í reikningsskilin, aðeins skal geta um þær í skýringum. Ef yfirgnæfandi líkur eru á innstreymi fjármuna er litið á það sem raunverulega eign og hún færð sem slík í reikningsskilin.</p>
<b>Túlkanir</b>	<p>IFRIC 1 <i>Breytingar á núverandi skuldbindingum vegna niðurlagðrar starfsemi, enduruppbyggingar og öðrum sambærilegum skuldbindingum</i></p> <p>Meta skal skuldbindingu með tilliti til þess hvenær hún fellur til, við hvaða fjárhæð og breytinga á ávöxtunarkröfu á markaði.</p> <p>IFRIC 5 <i>Réttur til hlutdeildar í sjóðum sem bera kostnað vegna niðurlagðrar starfsemi, enduruppbyggingar og endurbóta á umhverfinu</i></p> <p>Fjallar um hvernig félag færir hlutdeild í sjóðum eins og úrelðingar- eða uppbyggingarsjóðum.</p> <p>IFRIC 6 <i>Skuldbindingar vegna þátttöku á tilteknum markaði – raf- og rafeindabúnaðar-úrgangur</i></p> <p>Í IFRIC 6 eru leiðbeiningar um meðhöndlun skuldbindinga vegna úrgangsefna.</p> <p>IFRIC 21 <i>Álagning (e. levies)</i></p> <p>IFRIC 21 leiðbeinir um hvenær eigi að færa skuld vegna álagningar opinberra aðila. Sá atburður sem leiðir til skuldfærslu og reiðslu álagningar er skuldbindandi atburður (e. obligating event). Eigi skuldbindandi atburður sér stað á löngu tímabili skal skrá skuldbindinguna yfir tímabilið. Ef skuldbindandi atburður verður til við ákveðið lágmark eða þröskuldur er skuldbinding skráð þegar því marki er náð.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	<p>Rekstrarleigusamningur er einn af þeim samningum sem algengt er að gæti orðið íþyngjandi. Með tilkomu IFRS 16 staðalsins fyrir reikningsskil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar þá þurfa flestir leigusamningar að vera skráðir sem afnotaréttur sem er háð virðisrýrnunarkröfum IAS 36.</p>

**Væntanlegar breytingar**

IASB lagði til að skýra þyrfti kröfur varðandi íþyngjandi samninga í ráðgefandi drögum sem gefin voru út á árinu 2018.

Á árinu 2018 ákvað IASB að hefja nýtt verkefni á árinu 2019 eða 2020 til yfirferðar á reikningshaldslegri meðferð losunarréttar (e. emission rights).

IASB er með rannsóknarverkefni í gangi til að safna saman gögnum vegna skuldbindinga. Út frá niðurstöðum verkefnisins mun IASB ákveða hvort það kalli á staðlasetningu eða viðhaldsverkefni vegna skuldbindinga.

**Saga**

Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. júlí 1999 eða síðar. IASB innleiddi staðalinn síðar sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 38 Óefnislegar eignir***Intangible Assets*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð og skýringarkröfum óefnislegra eigna sem ekki er fjallað sérstaklega um í öðrum stöðlum.
Skilgreining	Óefnisleg eign er skilgreinanleg og ópeningaleg eign sem er ekki í hlutkenndu formi. Dæmi eru hugbúnaður, vörumerki, tónlistar- og kvikmyndaréttur ásamt eignum sem þróaðar eru innan félaga.
Upphafleg skráning	<p>Óefnisleg eign er skráð í reikningsskilin ef líklegt er að efnahagslegur framtíðarávinningur sem rekja má til eignarinnar renni til félagsins og unnt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.</p> <p>Viðbótarskilyrði eru um skráningu óefnislegra eigna sem myndast innan félags.</p> <p>Kostnaður vegna rannsókna skal gjaldfæra þegar hann fellur til. Þróunarkostnaður er eignfærður aðeins ef grundvöllur fyrir sölu er fyrir hendi og tæknilega framkvæmanlegt að framleiða vöru eða þjónustu.</p> <p>Kostnaður sem myndast innan félags s.s. viðskiptavild, vörumerki, útgáfutiltar, viðskiptamannaskrár, stofnkostnaður, þjálfunarkostnaður, auglýsingarkostnaður og kostnaður vegna flutninga er ekki eignfærður.</p> <p>Ef kostnaður uppfyllir ekki skilyrði um eignfærslu óefnislegra eigna skal hann gjaldfærður þegar hann fellur til.</p> <p>Heimilt er að eignfæra fyrirframgreiðslur vegna auglýsinga- og kynningarkostnaðar sem fyrirframgreiddan kostnað. Slík eignfærsla er heimil að því marki sem félagið fær aðgang að notkun slíkra vara síðar eða ef þjónusta verður reidd af hendi síðar. Vöruþöntunarlistar flokkast sem auglýsinga- og kynningarstarfsemi og er kostnaður vegna þeirra gjaldfærður við móttöku.</p>
Mat eftir upphaflega skráningu	Óefnislegar eignir eru skilgreindar með annað hvort ótakmarkaðan líftíma eða takmarkaðan líftíma. Ótakmarkaður líftími felur í sér að engin fyrirséð takmörk eru á þeim tíma sem félag hefur efnahagslegan ávinning af eigninni. Óefnislegar eignir eru færðar samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða undir sérstökum kringumstæðum með endurmatsaðferð.

**Kostnaðarverðsaðferð** Óefnisleg eign er metin á upphaflegu kostnaðarverði að fráðregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Allur kostnaður vegna óefnislegra eigna sem fellur til eftir kaupdag eða eftir að eignin er fullgerð er færður til gjalda.

Kostnaðarverð óefnislegra eigna með takmarkaðan líftíma er afskrifað yfir nýtingartímann, vanalega niður í núll hrakvirði. Framkvæma skal virðisrýrnunarpróf samkvæmt IAS 36 þegar vísbending er um að bókfært verð sé hærra en endurheimtanlegt virði óefnislegrar eignar.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan líftíma eru ekki afskrifaðar heldur er virðisrýrnunarpróf framkvæmt á þeim árlega. Ef endurheimtanlegt virði er lægra en bókfært verð, þá er virðisrýrnun færð. Meta skal hvort ótakmarkaður líftími eignarinnar er enn við hæfi.

**Endurmatsaðferð** Hafi óefnisleg eign markaðsverð á virkum markaði er heimilt að beita endurmatsaðferð. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er eignin færð á endurmetnu virði sem er gangvirði á endurmatsdegi að fráðregnum uppsöfnuðum afskriftum eða virðisrýrnun.

Samkvæmt endurmatsaðferðinni skal framkvæma endurmat reglulega. Endurmeta þarf allar eignir innan sama eignaflokks. Hins vegar ef eign innan eignaflokks hefur ekki markaðsverð er sú eign færð samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Endurmat sem leiðir til hækkunar er fært á eigið fé um aðra heildarafkomu. Endurmat sem leiðir til lækkunar er fært á móti endurmati meðal eigin fjár og lækkunar umfram áður fært endurmat eru færðar í rekstrarreikning. Þegar endurmetin eign er seld eða úreld er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé en ekki í rekstrarreikning.

<b>Túlkanir</b>	SIC 32 <i>Óefnislegar eignir – kostnaður við vefsetur</i> Ákveðinn upphafskostnaður vegna grunnþróunar og grafískrar hönnunar á vefsíðum er eignfærður.
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir óefnislegar eignir sem verða til í yfirtökum félaga 31. mars 2004 eða síðar. Gildir einnig um allar aðrar óefnislegar eignir fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 31. mars 2004 eða síðar. IASB innleiddi staðallinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 39 Fjármálagerningar: Skráning og mat***Financial Instruments: Recognition and Measurement*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir kröfur sem gilda um áhættuvarnarreikningsskil (e. hedge accounting). Félag getur valið um að beita þessum kröfum eða samkvæmt IFRS 9.
Áhættuvarnarreikningsskil	<p>Áhættuvarnarreikningsskil (jöfnun rekstraráhrifa innan sama tímabils af áhættuvarða liðnum í rekstrarreikningi) er heimil að því gefnu að áhættuvarnarsambandið sé skilgreint, skráð, mælanlegt og raunverulega skilvirkt.</p> <p>Þar sem IFRS 9 setur aðeins fram kröfur vegna almennra áhættuvarnarreikningsskila (e. general hedge accounting) eru kröfur IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil safna (e. portfolio hedge) enn í gildi.</p>
Gangvirðisvörn (e. fair value hedge)	Þegar breyting á gangvirði skráðrar eignar, skuldar eða óskráðrar fastákvæðinnar skuldbindingar er áhættuvarin skal færa breytingu á gangvirði áhættuvarða liðarins og áhættuvörninni í gegnum rekstrarreikning þegar hún á sér stað og bókfært verð áhættuvarða liðarins aðlagð til að endurspeglar breytingar á áhættunni sem varíð er gegn.
Sjóðstreymisvörn (e. cash flow hedge)	Ef félag áhættuver breytingar á framtíðarsjóðstreymi tengdu skráðri eign, skuld, skuldbindingu eða áætluðum framtíðarviðskiptum sem þykja mjög líkleg sem tengjast ytri aðila eða óskráðum fastákvæðnum skuldbindingum, er breytingin á gangvirði áhættuvarnarinnar færð í gegnum aðra heildarafkomu, að því marki sem áhættuvörnin er virk, þar til framtíðarsjóðstreymið á sér stað.
Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi (e. hedge of a net investment in a foreign entity)	Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi (skilgreind í IAS 21) sem felur m.a. í sér m.a. í sér áhættuvörn fyrir fjármálagerninga sem færðir eru sem hluti af fjárfestingunni. Reikningshaldsleg meðferð er líkt og um væri að ræða sjóðstreymisvörn.



Áhættuvörn af væntum viðskiptum innan samstæðu (e. intragroup hedges)	<p>Heimilt er að skilgreina gjaldmiðlaáhættu í áætluðum framtíðarviðskiptum innan samstæðu sem þykja mjög líkleg sem áhættuvarnarlið í sjóðstreymisvörn í samstæðureikningsskilum, að því gefnu að viðskiptin fari fram í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli félagsins og að gjaldmiðlaáhættan hafi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar.</p> <p>Ef áhættuvörn af væntum viðskiptum innan samstæðu fellur undir skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil, er hagnaður eða tap sem fært er í gegnum aðra heildarafkomu, í samræmi við IAS 39, endurflokkað af eigin fé í rekstrarreikning á sama tímabili eða tímabilum sem gjaldmiðlaáhættan af áhættuvörðu viðskiptunum hefur áhrif á hagnað eða tap.</p>
Áhættuvörn eignasafns (e. portfolio hedge)	Áhættuvörn eignasafns vegna vaxtaáhættu (þar sem fjárhæð er varin fremur en einstök eign eða skuld) má skilgreina sem gangvirðisvörn eða sjóðstreymisvörn, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IFRS 9 kemur ekki í stað krafna um áhættuvörn eignasafns vegna vaxtaáhættu (heildaráhættuvörn (e. macro hedge)). IASB væntir þess að ljúka þróun á grunnlíkani á síðari hluta árs 2019.
<b>Saga</b>	<p>IASB innleiddi staðalinn síðar sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Staðlinum hefur verið breytt nokkrum sinnum frá þeim tíma og IFRS 9 sem tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2018 eða síðar leysti hann að mestu leyti af hólmi.</p> <p>Við innleiðingu á IFRS 9 geta félög valið um að halda áfram að beita kröfum IAS 39 um áhættuvarnarreikningsskil í samræmi við í stað krafna í IFRS 9 fyrir öll áhættuvarnarsambönd sín.</p> <p>Vátryggingasalar mega hins vegar beita upprunalegu útgáfunni af IAS 39 og fresta innleiðingu á IFRS 9 þar til þeir innleiða IFRS 17, að því gefnu að þeir séu í vátryggingastarfsemi eins og hún er skilgreind í IFRS 4.</p>

**IAS 40 Fjárfestingareignir***Investment Property***Markmið**

Lýsir reikningshaldslegri meðferð fjárfestingareignar sem haldið er til öflunar leigutekna eða til verðmætaaukningar frekar heldur en til eigin nota til framleiðslu eða sölu á vörum eða þjónustu eða í stjórnunarlegum tilgangi.

## Fjárfestingareign

Fjárfestingareign er fasteign, þ.e. land, húseign (eða hluti húseignar) eða hvort tveggja, sem eigandi eða leigutaki (ef fjármögnunarleiga) hefur umráð yfir og notar til öflunar leigutekna, til verðmætaaukningar eða hvort tveggja.

IAS 40 gildir ekki um eign sem eigandi nýtir sjálfur, eign í byggingu eða í breytingu fyrir þriðja aðila, eign til sölu í venjulegum viðskiptum eða eign sem leigð er af öðrum aðila í fjármögnunarleigu.

Eign sem er í blandaðari notkun (að hluta til notuð af eiganda og að hluta til í útleigu) þarf að skipta hlutfallslega eftir notkun og meðhöndla reikningshaldslega í samræmi við það ef umræddir hlutar eignarinnar eru seljanlegir í sitt hvoru lagi.

Eign í rekstrarleigu getur talist til fjárfestingareignar að því gefnu að leigutakinn noti gangvirðisaðferðina samkvæmt IAS 40. Við þær aðstæður meðhöndlar leigutaki samninginn sem fjármögnunarleigu.

Hægt er að endurflokka eign í og úr fjárfestingareignum einungis að því gefnu að félagið hafi breytt notkun sinni á húsnæðinu. Vilji til að breyta notkun er ekki fullnægjandi grundvöllur til endurflokkunar. Þegar fjárfestingareign færð á gangvirði er endurflokkun sem eign til eigin nota eða meðal birgða er litið á gangvirði eignarinnar sem kostnaðarverð við síðara mat í samræmi við IAS 16 eða IAS 2.

## Upphafleg skráning

Fjárfestingareign er upphaflega skráð á kostnaðarverði að meðtöldum viðskiptakostnaði.

## Mat eftir upphaflega skráningu

Félag velur að beita annað hvort gangvirðisaðferð eða kostnaðarverðisaðferð eftir upphaflega skráningu. Sú matsaðferð sem verður fyrir valinu skal notuð fyrir allar fjárfestingareignir félagsins.

Heimilt er að breyta um matsaðferð ef það á betur við (ólíklegt ef breytt er frá gangvirðisaðferð yfir í kostnaðarverðisaðferð).

Gangvirðisaðferð	Fjárfestingareign er metin á gangvirði og breytingar eru færðar í rekstrarreikning. Kaupi félag, sem notar gangvirðisaðferðina, eign þar sem skýrar vísbendingar eru um að gangvirði fjárfestingareignar til langframa verði ekki ákvarðað, ber að nota kostnaðarverðsaðferðina. Aðferðina ber að nota þar til eignin er seld eða er ónýtt.
Kostnaðarverðsaðferð	Fjárfestingareign er metin á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun, að undanskildum fastafjármunum til sölu samkvæmt IFRS 5. Upplýsa verður um gangvirði í skýringum.
<b>Túlkunir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IAS 41 Landbúnaður***Agriculture*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð á starfsemi í landbúnaði.
Starfsemi í landbúnaði	Starfsemi í landbúnaði er stjórnun umbreytinga og uppskeru lífrænna eigna til sölu eða til umbreytingar yfir í landbúnaðarafurðir eða aðrar lífrænar eignir. Ræktunarstöðvar sem notaðar eru við framleiðslu á landbúnaðarafurðum en eru ekki seldar sem landbúnaðarafurð skulu færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í samræmi við IAS 16. Meðtalið hér eru ávaxtatré og vínberjarunnar.
Mat	Allar lífrænar eignir eru metnar á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, nema gangvirði verði ekki metið með áreiðanlegum hætti. Meta skal landbúnaðarafurðir á gangvirði á uppskerutíma að frádregnum sölukostnaði. Uppskeruafurð er markaðsvara og því engin undanþága til staðar um að ekki sé hægt að meta gangvirði með áreiðanlegum hætti. Skráning á gangvirði er heimil fram að uppskeru. Eftir það gildir IAS 2 um skráningu afurðanna. Breytingar á gangvirði lífrænna eigna skal færa í rekstrarreikning.
<b>Túlkunir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Áætlað er að tillaga um að fella niður kröfu um að undanskilja sjóðstreymi vegna skatta við mat á gangvirði verði í ráðgefandi drögum í næsta árlega endurbótaverkefni.
<b>Saga</b>	Staðallinn var upphaflega gefinn út fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2003 eða síðar. IASB innleiddi staðalinn sem hluta af reikningsskilastöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. Breytingar á staðlinum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2016 eða síðar snéru að kröfum um að reikningshaldsleg meðferð ræktunarstöðva væri í samræmi við reikningshaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna.

**IFRS 1 Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***First-time Adoption of International Financial Reporting Standards*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær aðferðir sem beita skal þegar félag innleiðir IFRS í fyrsta sinn í reikningsskil sín.
Val á reikningsskila-aðferðum	Félag sem innleiðir IFRS í reikningsskil sín fyrir fjárhagsárið sem lýkur 31. desember 2019 (með afdráttarlausri yfirlýsingu um að IFRS-stöðlum sé fylgt að öllu leyti) þarf að velja reikningsskilaðferðir sem byggja á IFRS stöðlum í gildi 31. desember 2019 (innleiðing tiltekinna útgefinna staðla er heimil fyrir gildistöðudag þeirra).
Framsetning reikningsskila	Félag birtir opnunarefnahagsreikning fyrir upphaf samanburðarárs. Sá opnunarefnahagsreikningur er fyrsti ársreikningur IFRS reikningsskila félagsins. Þar af leiðandi er birtur efnahagsreikningur fyrir a.m.k. þrjú tímabil. Ákveði félag sem innleiðir IFRS að birta valda fjárhagsliði (en ekki fullan ársreikning) í samræmi við IFRS fyrir tímabil sem hefst fyrir samanburðarár, breytir það engu um að opnunarefnahagsreikningur skal vera í upphafi samanburðarárs. Opnunarefnahagsreikningur og ársreikningur fyrir fjárhagsárið og samanburðartímabil er framsett líkt og félagið hafi alltaf beitt kröfum IFRS. Hins vegar þá eru undanþágur í IFRS 1 frá afturvirkri beitingu sem félagið getur nýtt sér.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Tillaga um einföldun á innleiðingu dótturfélags á IFRS verður í næstu ráðgefandi drögum hins árlega endurbótaverkefnis.
<b>Saga</b>	Upphaflega var IFRS 1 gefinn út árið 2003. Staðallinn var endurgerður og gefinn út í núverandi mynd árið 2008 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. júlí 2009 eða síðar.

**IFRS 2 Eignarhlutatengd greiðsla***Share-based Payment*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir hvaða reikningsskilaaðferðum skal beita þegar félag gerir samning um gjald fyrir vöru eða þjónustu í formi eiginfjárgerninga eða skuldar sem er byggð á verði hlutabréfa félagsins eða öðrum eiginfjárgerningum.
Eignarhlutatengdar greiðslur	Allar eignarhlutatengdar greiðslur skulu færðar í reikningsskilin á gangvirði. Kostnaður er færður til gjalda þegar vara eða þjónusta er nýtt.
Gangvirði	Eignarhlutatengd greiðsla fyrir vöru eða þjónustu er metin á gangvirði móttækinnar vöru eða þjónustu. Sé ekki hægt að meta gangvirði móttækinnar vöru eða þjónustu með áreiðanlegum hætti, þarf að meta gangvirði þeirra eiginfjárgerninga sem samið var um. Þegar um er að ræða eignarhlutatengdar greiðslur vegna starfsmanna eða annarra sem veita á móta þjónustu eru slík viðskipti metin á gangvirði eiginfjárgerningsins sem látinn er af hendi. Þetta er gert þar sem vanalega er ekki unnt að meta með áreiðanlegum hætti gangvirði slíkrar þjónustu. Gangvirði er skilgreint sem sú fjárhæð sem unnt er að skipta eign fyrir, gera upp skuld með eða skipta eiginfjárgerningi fyrir í viðskiptum á armslengdar-grundvelli milli ótengdra upplýstra aðila. Þessi skilgreining á gangvirði er frábrugðin þeirri sem tilgreind er í IFRS 13 og því leiðbeiningum IFRS 2 um gangvirði fylgt.
Matsdagur	Þegar eignarhlutatengdar greiðslur eru metnar á gangvirði veittra eiginfjárgerninga (t.d. greiðslur til starfsmanna) skal miða við gangvirði á samningsdegi (e. grant date), þegar félagið og mótaðili hafa sameiginlegan skilning á skilmálum og skilyrðum fyrirkomulagsins. Gangvirði móttækinnar vara eða þjónustu miðar við móttökudag fenginna vara eða þjónustu.
Eignarhlutatengd greiðsla gerð upp með eiginfjárgerningum	Eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp með eiginfjárgerningum er færð til hækkunar á eigin fé og samsvarandi skráningu á móttækinni vöru eða þjónustu á matsdegi.

Eignarhlutatengd greiðsla gerð upp með handbæru fé

Eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp með handbæru fé er eignarhlutatengd greiðsla þar sem félag skuldbindur sig til að greiða fyrir móttekna vöru eða þjónustu með handbæru fé (eða öðrum eignum) fjárhæð sem er byggð á verði (eða virði) eiginfjárgernings (þ.m.t. hlutabréfum og hlutabréfavalréttum) félagsins eða annars félags innan samstæðu þess.

Eignarhlutatengd greiðsla sem gerð er upp með handbæru fé er færð á gangvirði móttækinnar vöru eða þjónustu á matsdegi og samsvarandi skuld færð á móti. Skuldin er metin á gangvirði á hverjum reikningsskiladegi þar til hún er gerð upp og breytingar á gangvirði færðar í gegnum rekstrarreikning á tímabilinu.

Ávinnskilyrði (e. vesting conditions)

Ávinnskilyrði IFRS 2 skiptast í þjónustutengd skilyrði (e. service conditions) og frammistöðutengd skilyrði (e. performance conditions). Ef skilyrði fellur ekki undir skilgreiningu á ofangreindum ávinnskilyrðum en þarf engu að síður að vera uppfyllt til að gagnaðili eigi rétt á veittum eiginfjárgerningi þá er um að ræða skilyrði sem ekki teljast ávinnskilyrði (e. non-vesting conditions).

Þjónustutengd skilyrði eru ávinnskilyrði sem krefjast þess að mótaðili ljúki tilteknu þjónustutímabili fyrir félagið.

Til að skilyrði teljist frammistöðutengd þarf að ljúka tilteknu þjónustutímabili ásamt því að ná ákveðnum frammistöðumarkmiðum. Frammistöðumarkmið er skilgreint með vísun til rekstrar eða starfsemi félagsins (ekki markaðstengd skilyrði), eða verðs eiginfjárgerninga félagsins (markaðstengd skilyrði). Frammistöðumarkmið verður að uppfylla fyrir lok þjónustutímabils.

Við mat á gangvirði eiginfjárgernings á samningsdegi er ekki tekið tillit til ávinnskilyrða (annarra en markaðstengdra skilyrða). Eftir upphaflega skráningu er tekið tillit til ávinnskilyrða með því að aðlaga fjölda eiginfjárgerninga í viðskiptum sem gangvirðismatið byggir á.

Tekið er tillit til markaðstengdra ávinnskilyrða (e. market-based vesting conditions) og skilyrða sem ekki teljast ávinnskilyrði (e. non-vesting conditions) við mat á eiginfjárgerningum eða valréttum á tilteknum matsdegi og engar breytingar gerðar eftir þann tíma.

Eignarhlutatengdar greiðslur innan samstæðu

Í IFRS 2 er að finna leiðbeiningar um reikningshaldslega meðferð eignarhlutatengdra greiðslna milli félaga innan samstæðu.

**Túlkunir**

Engar

<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	IFRS 2 var gefinn út árið 2014 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar. Staðlinum var síðar breytt þannig að hann fæli í sér leiðbeiningar úr túlkuninum IFRIC 8 <i>Gildissvið IFRS 2</i> og IFRIC 11 <i>IFRS 2 – viðskipti með hluti innan samstæðu og eigin hluti</i> . Breytingin tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2010 og síðar.

### IFRS 3 Sameining félaga

#### *Business Combinations*

<b>Markmið</b>	Yfirtökuaðili færir eignir og skuldir í hinum keypta rekstri á gangvirði á yfirtökudegi og setur upplýsingarnar þannig fram í skýringum að notendur reikningsskilanna geti metið eðli og fjárhagsleg áhrif af kaupunum.
Sameining félaga	Sameining félaga er atburður þar sem kaupandi öðlast yfirráð yfir einni eða fleiri rekstrareiningum. Rekstrareining er skilgreind sem starfsemi eða eign sem unnt er að stjórna í þeim tilgangi að skila fjárfestum, öðrum eigendum eða þátttakendum arði.
Skráning á yfirteknum eignum og skuldum	Kaupaðferð (e. acquisition method) er notuð við allar sameiningar.  Yfirtökuaðili ber kennsl á aðgreinanlegar eignir og skuldir ásamt hlutdeild minnihluta (e. non-controlling interest) í hinu yfirtekna.  Óefnislegar eignir í yfirtöku, þar með taldar rannsóknar- og þróunareignir, eru sérgreindar frá viðskiptavild ef þær eru tilkomnar vegna samningsbundins eða lagalegs réttar eða ef þær eru aðgreinanlegar frá rekstrareiningunni. Við þessar kringumstæður þá er skilyrðum fyrir skráningu alltaf talið hafa verið fullnægt (sjá jafnframt IAS 38).
Mat	Eignir og skuldir eru metnar á gangvirði á yfirtökudegi (með fáum undantekningum). Ef ekki er hægt að ljúka útdeilingu kaupverðs fyrir lok þess reikningsskilatímabils þegar kaupin eiga sér stað skal miða við bráðabirgðamat. Ljúka þarf útdeilingunni innan árs frá yfirtökudegi.  Félag getur kosið að meta hlutdeild minnihluta annaðhvort á gangvirði eða sem hlutdeild minnihluta í gangvirði hreinna eigna.



Óvisst gagngjald	Gagngjald í sameiningum inniheldur einnig gangvirði á óvissu gagngjaldi á yfirtökudegi. Breytingar á óvissu gagngjaldi sem fært er sem skuld, vegna atburða sem eiga sér stað eftir yfirtökudag, eru færðar í rekstrarreikning.
Viðskiptavild og neikvæð viðskiptavild	Viðskiptavild er færð þegar gagngjald er umfram gangvirði hreinna eigna og hlutdeildar minnihluta. Ef gagngjald er lægra en gangvirði hreinna eigna og hlutdeildar minnihluta myndast neikvæð viðskiptavild sem strax færð í rekstrarreikning.
Kostnaður vegna kaupa	Allur kostnaður sem fellur til við kaupin (t.d. sölu-, sérfræði- eða ráðgjafarkostnaður og innri kostnaður) er færður til gjalda í rekstrarreikningi fyrir utan kostnað við útgáfu á skuldabréfum eða hlutabréfum, sem eru að öllu jöfnu skráð samkvæmt IFRS 9 og IAS 32, eftir því sem við á.
Kaup í áföngum	Fyrir þær rekstrareiningar sem keyptar eru í áföngum og kaupandi eykur hlutdeild sína í þeim tilgangi að ná yfirráðum, skal eignarhlutinn sem kaupandi átti fyrir endurmetinn á gangvirði á yfirtökudegi og allur hagnaður eða tap fært í rekstrarreikning.
Aðrar leiðbeiningar	IFRS 3 felur í sér leiðbeiningar um yfirtöku án gagnjalds, öfugan samruna, greiningu óefnislegra eigna við yfirtöku, niðurfellda og endurnýjaða kaupréttarsamninga, samband yfirtökuaðila og hins yfirtekna fyrir sameiningu (t.d. endurkaup á réttindum) og endurmat á samningsskilmálum yfirtökuaðila á yfirtökudegi.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Breyting var gerð á staðlinum til að skýra að þegar félag öðlast yfirráð yfir sameiginlegum rekstri (e. joint operation) sem telst vera rekstur (e. business), þá er sá eignarhlutur sem félagið átti fyrir í sameiginlega restrinum endurmetinn. Þessi breyting er í gildi fyrir reikningsskilátímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Staðlinum hefur verið breytt í kjölfar yfirferðar IASB á áhrifum innleiðingar staðalsins þannig að skilgreining á atvinnurekstri (e. business) hefur verið endurbætt. Þessi breyting er í gildi fyrir reikningsskilátímabil sem hefjast 1. janúar 2020 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil.  IASB hefur jafnframt til skoðunar reikningshaldslega meðferð á viðskiptavild eftir yfirtöku.  Þá er verkefni í gangi hjá IASB í tengslum við sameiningar félaga undir sameiginlegum yfirráðum.

**Saga**

IASB gaf út upphaflega útgáfu IFRS 3 Sameiningar félaga árið 2004 og tók hún gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 eða síðar. Þeirri útgáfu var skipt út árið 2008 með útgáfu sem var þróuð í samráði við FASB og gildir fyrir sameiningar félaga sem eiga sér stað á reikningsskilatímabilum sem hófust 1. júlí 2009 eða síðar.

**IFRS 4 Vátryggingarsamningar***Insurance Contracts***Markmið**

Lýsir reikningshaldslegri meðferð fyrir vátryggingarsamninga. Staðallinn er í gildi fram að innleiðingu IFRS 17.

## Skráning og mat

Staðallinn gildir fyrir útgefendur vátryggingarsamninga. Vátryggingarsalar eru undanþegnir hugtakaramma um gerð og framsetningu reikningsskila og ákveðnum IFRS-stöðlum.

Óheimilt er að færa upp varasjóð vegna hamfara eða útjöfnunarsjóð.

Meta þarf stöðu vátryggingarskuldur og framkvæma virðisrýrnunarpróf á endurtryggingaeygnum.

Bannað er að jafna saman vátryggingarskuldum og tengdum endurtryggingaeygnum.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum eru takmarkaðar. Ákveðinna upplýsinga er krafist í skýringum.

Ábyrgðir vegna fjármálasamninga (e. financial guarantees)

Ábyrgðir vegna fjármálasamninga (e. financial guarantee contracts) falla ekki undir IFRS 4 nema útgefandi hafi áður tekið skýrt fram að litið sé á slíkan samning sem vátryggingarsamning og noti reikningsskilaaðferðir sem viðeigandi eru fyrir vátryggingarsamninga. Í slíkum tilfellum getur útgefandi valið að beita annað hvort IAS 32, IFRS 7 og IFRS 9 eða IFRS 4 fyrir hvern samning. Valið er endanlegt.

**Túlkaniir**

Engar

**Breytingar sem taka gildi á þessu ári**

Engar

**Væntanlegar breytingar**

IFRS 17 mun koma í staðinn fyrir IFRS 4 og mun væntanlega taka gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2022 eða síðar (IASB áætla að fresta fyrirhugaðri innleiðingu 1. janúar 2021 um ár). IFRS 4 veitir undanþágur í tengslum við beitingu IFRS 9 þar til IFRS 17 tekur gildi.

**Saga**

IASB gaf út IFRS 4 árið 2004 og tók hann gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi***Non-current Assets Held for Sale and Discontinued Operations*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð á fastafjármunum sem flokkaðir eru til sölu og hvaða kröfur eru gerðar um framsetningu og upplýsingar í skýringum um aflagða starfsemi.
Fastafjármunir til sölu	<p>Fastafjármunir og eignasamstæður eru flokkaðar til sölu þegar félag hefur í hyggju að selja þá, þeir eru tiltækir til sölu og miklar líkur er á sölu innan 12 mánaða.</p> <p>Eignasamstæða er eignir sem félagið hyggst selja í einu lagi ásamt tengdum skuldum.</p> <p>Eignir og skuldir dótturfélaga skal flokka til sölu ef móðurfélag hefur tekið ákvörðun um að selja ráðandi hlut í dótturfélagi, óháð því hvort móðurfélagið muni eiga hlut í félaginu eftir sölu.</p> <p>IFRS 5 á við um fastafjármuni (eða eignasamstæðu) sem haldið er til úthlutunar til hluthafa.</p>
Aflögð starfsemi	Aflögð starfsemi er eining innan félags sem hefur verið ráðstafað eða er flokkuð til sölu. Aflögð starfsemi er dótturfélag sem hefur verið keypt í þeim tilgangi að endurselja, aðskilin rekstrareining sem er mikilvæg félaginu eða rekstur á tilteknu landsvæði þar sem félagið starfar og er hluti af samræmdri áætlun félags um að ráðstafa aðskilinni rekstrareiningu eða starfsemi á tilteknu landsvæði.
Mat	<p>Fastafjármunir og eignasamstæður sem flokkaðar eru til sölu eru metnar á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvort sem lægra reynist.</p> <p>Slíkar eignir og eignasamstæður eru ekki afskrifaðar.</p> <p>Fyrir upphaflega flokkun á aflagðri starfsemi, skal meta bókfært verð eigna (eða allra eigna og skulda sem tengjast aflagðri starfsemi) í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla.</p>
Yfirlit um heildar-afkomu	<p>Þegar aflögð starfsemi er til staðar þá skiptist yfirlit yfir heildarafkomu í áframhaldandi starfsemi og aflagða starfsemi.</p> <p>Félögum er skylt að sýna í einni tölu í yfirliti um heildarafkomu hagnað eða tap eftir skatt vegna aflagðrar starfsemi. Einnig ber að sýna hagnað eða tap eftir skatt vegna ráðstöfunar á aflagðri starfsemi (eða endurmat á eignum og skuldum vegna aflagðrar starfsemi sem flokkuð er til sölu).</p>
Efnahagsreikningur	Fastafjármunir og eignir og skuldir sem tilheyra aflagðri starfsemi sem flokkuð er til sölu eru sérgreindar í efnahagsreikningi.

Tengsl við aðra staðla IFRS 5 er með sérstakar skýringarkröfur varðandi fastafjármuni til sölu og aflagða starfsemi. Kröfur um skýringar í öðrum stöðlum taka ekki til slíkra eigna (eða eignasamstæðna) nema gerðar séu sérstakar kröfur um skýringar eða að skýringarnar tengist mati á eignum og skuldum aflögðu starfsemi sem IFRS 5 fjallar ekki um.

<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB hefur tilkynnt áform um að yfirfara innleiðingaráhrif IFRS 5.
<b>Saga</b>	Árið 1998 innleiddi IASB staðalinn IAS 35 <i>Aflögð starfsemi</i> sem hluta af upphaflegum stöðlum. IAS 35 var skipt út fyrir IFRS 5 sem kom út árið 2004 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.

**IFRS 6 Könnun og mat á námurértindum***Exploration for and Evaluation of Mineral Resources*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð á könnun og mati á námurértindum þar til IASB hefur lokið við heildar-fyrirmæli um þetta efni.
Notkun núverandi reikningsskilareglna	Félögum er heimilt að beita núverandi reikningsskilareglum að því gefnu að upplýsingar séu viðeigandi og áreiðanlegar fyrir notendur reikningsskilanna. Staðallinn gerir hvorki kröfu um né kemur í veg fyrir að ákveðnum reikningsskilareglum sé fylgt við skráningu og mat á námurértindum.  Staðallinn veitir tímabundna undanþágu frá málsgreinum 11 og 12 í IAS 8 þar sem fram kemur að heimilt er að leita til annarra reikningsskilareglna þegar staðlarnir fjalla ekki um efnið.
Virðisrýrnun	Framkvæma þarf virðisrýrnunarpróf þegar vísbending er um að bókfært verð sé hærra en endurheimtanlegt virði einingarinnar (e. recoverable amount). Einnig skal framkvæma virðisrýrnunarpróf á þessum eignum áður en þær eru endurflokkaðar sem eignir í þróun (e. development assets).  Staðallinn heimilar að virðisrýrnun sé metin á hærra stigi en fjárskapandi einingar (e. cash generating unit) í samræmi við IAS 36. Hins vegar er virðisrýrnun metin samkvæmt IAS 36 þegar virðisrýrnunarprófið hefur verið framkvæmt.
Skýringar	IFRS 6 gerir kröfur um að í skýringum skuli upplýsa um kostnað sem hefur fallið til vegna könnunar og mats á námurértindum.
<b>Túlkarnir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB hóf á árinu 2018 vinnu við langtímaverkefni sem snýr að námuiðnaði og er ætlað að koma í stað IFRS 6.
<b>Saga</b>	Staðallinn gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2006 og síðar.

**IFRS 7 Fjármálagerningar: Skýringar***Financial Instruments: Disclosures*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir þær skýringar sem gefa lesendum reikningsskila möguleika á að meta mikilvægi fjármálagerninga, eðli og umfang áhættu þeim tengdum og hvernig þeirri áhættu er stjórnað.
Mikilvægi fjármálagerninga	Gerir kröfur um upplýsingar í skýringum um mikilvægi fjármálagerninga fyrir fjárhagslega stöðu og fjárhagslegan árangur félaga, þ.m.t. reikningsskila-reglur og beitingu áhættuvarnarreikningsskila.
Skýringar um fjárhagslega stöðu	Félög skulu upplýsa um fjáreignir og fjárskuldir eftir flokkum; sérstakar upplýsingar ef gangvirðisheimildin (e. fair value option) eða heimild til skráningar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu er nýtt; endurflokkun; jöfnun fjáreigna og fjárskulda; veðsetningu eigna; innbyggðar afleiður; vanefndir og brot á lánaskilmálum og yfirfærslu fjáreigna.
Skýringar um fjárhagslegan árangur	Greina skal frá tekjum, gjöldum, hagnaði og tapi vegna fjármálagerninga ásamt vaxtatekjum og gjöldum, þóknatekjum og virðisrýrnun.
Aðrar skýringar	Skýra þarf frá mikilvægum reikningsskilaáðferðum fjármálagerninga. Þegar áhættuvarnarreikningsskilum er beitt þarf að greina ítarlega frá áhættustjórnun, fjárhæðum, tíma og óvissu tengdri framtíðarsjóðstreymi og áhrifum áhættuvarna á fjárhagslega stöðu og árangur. Slíkra upplýsinga er krafist óháð því hvort félag hafi beitt áhættuvarnarreikningsskilum í samræmi við IAS 39 eða IFRS 9. Greina skal frá gangvirði fyrir hvern flokk fjármálagerninga til viðbótar við skýringarkröfur IFRS 13 um gangvirði.
Áhætta	Félög skulu greina frá eðli og umfangi áhættu sem hlýst af fjármálagerningum. Það felur í sér eigindlegar (e. qualitative) skýringar um hvern áhættuflokk og hvernig áhættunni er stjórnað og meginlegar (e. quantitative) skýringar um hvern áhættuflokk. Viðamiklar skýringarkröfur eru fyrir útlánaáhættu vegna mats á væntu útlánatapi. Þar á meðal er afstemming á niðurfærslu og nafnverði fjáreigna ásamt upplýsingum um gæði fjáreigna. Viðbótarskýringarkröfur eru vegna lausafjár- og markaðsáhættu (þar á meðal næmnigreining fyrir markaðsáhættu).
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar

<b>Saga</b>	<p>Árið 1990 gaf IASB út staðalinn IAS 30 <i>Skýringar í reikningsskilum banka og annarra fjármálagjafyrirtækja</i> sem var hluti af upprunalegu stöðlunum og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.</p> <p>IFRS 7 kom í stað IAS 30 og sameinaði þá allar skýringar fyrir fjármálagerninga (frá IAS 32) í einn staðal. IFRS 7 tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2007 og síðar.</p>
-------------	---

## IFRS 8 Starfspættir

### *Operating Segments*

<b>Markmið</b>	Að félög skýri frá upplýsingum um starfspætti í samræmi við hvernig þeim er miðlað til stjórnenda.
Gildissvið	Þessi staðall gildir einungis fyrir félög sem eru með fjárskuldir eða hlutafé skráð á almennum markaði eða hafa þegar hafið ferlið við skráningu hlutafjár eða fjárskulda á almennan markað.
Starfspættir	<p>Starfspáttur er hluti af félagi ef hann skapar tekjur og gjöld, rekstrarniðurstaða hans er reglulega yfirfarin af þeim stjórnendum félagsins sem taka ákvarðanir og aðskildar fjárhagslegar upplýsingar eru til staðar fyrir starfspáttinn.</p> <p>Almennt er gerð krafa um sérgreindar upplýsingar ef tekjur, hagnaður, tap, eða eignir starfspáttar eru 10% eða meira af samtölu allra starfspátta fyrir ofangreindra flokka.</p> <p>Skipta þarf að lágmarki 75% af tekjum félagsins niður á starfspætti.</p>
Skýringarkröfur vegna starfspátta	<p>Sýna skal hagnað og tap ásamt heildareignum og skuldum fyrir hvern starfspátt. Þá þarf jafnframt að tilgreina tekjur af sölu til viðskiptavina, vaxtatekjur og gjöld, afskriftir og virðisrýrnun ásamt tekjuskatti ef þessir liðir er hluti af fjárhagsupplýsingum sem miðlað er til stjórnenda viðkomandi starfspáttar.</p> <p>Ekki er gerð krafa um að upplýsingar um starfspætti séu settar fram í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem ársreikningur félagsins byggir á.</p>

Skýringarkröfur fyrir félagið í heild	<p>Krafa er gerð um skýringar um starfsþætti jafnvel þó félagið hafi einungis einn mælanlegan starfsþátt. Í skýringunum eiga að koma fram upplýsingar um hverja vöru eða þjónustu eða flokka vöru og þjónustu, eftir landsvæðum og helstu viðskiptavinum (10% eða meira af heildartekjum félagsins) ásamt mati stjórnenda við skilgreiningu á starfsþáttum.</p> <p>Krafa er gerð um landfræðilega skiptingu á tekjum og ákveðnum fastafjármunum hjá öllum félögum. Aukin krafa er um að sýna erlendar tekjur og fastafjármuni (ef verulegar fjárhæðir) án tillits til uppbyggingar félagsins.</p>
Afstemming	Afstemming eigna starfsþátta við eignir félagsins á aðeins við ef eignastaða starfsþáttarins er reglulega yfirfarin af stjórnendum.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar. IASB lauk yfirferð á áhrifum af innleiðingu IFRS 8 árið 2018 og taldi ekki þörf á breytingum.
<b>Saga</b>	<p>Árið 1997 gaf IASB út staðalinn IAS 14 <i>Starfsþættir</i> sem var hluti af upprunalegum stöðlum og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar.</p> <p>IFRS 8 kom í stað IAS 14 árið 2006 og tók sú breyting gildi fyrir reikningsskil sem hófust 1. janúar 2009 og síðar.</p>

## IFRS 9 Fjármálagerningar

### *Financial Instruments*

<b>Markmið</b>	Tilgreinir kröfur um skráningu og mat fjármálagerninga þ.m.t. virðisrýrnun, afskráningu og almenn áhættuvarnarreikningsskil.
Mat við upphaflega skráningu	Allir fjármálagerningar eru upphaflega skráðir á gangvirði að frádregnum eða viðbættum viðskipta-kostnaði, nema fjáreignir og fjárskuldir metnar á gangvirði í gegnum rekstur.
Fjárfestingar í eiginfjárgerningum	Eiginfjárgerningar eru metnir á gangvirði og breytingar á gangvirði færðar í rekstrarreikning (FVTPL). Hins vegar, ef eiginfjárgerning er ekki haldið til sölu þá getur félag tekið óafturkræfa ákvörðun um að flokka slíkan gerning á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu (FVTOCI), að undanskyldum mótteknum arði sem er færður í rekstrarreikning. Engin endurflokkun á sér þá stað yfir á rekstrarreikning við sölu. Kröfur um virðisrýrnun eiga ekki við um eiginfjárgerninga.



Flokkun skuldageringa	<p>Flokkun fjáreigna (skuldageringa) með samningsbundið sjóðstreymi sem einkennist af afborgunum höfuðstóls og vaxta byggir á viðskiptalíkani félagsins fyrir viðkomandi fjáreignir.</p> <p>Skuldageringur sem er samkvæmt viðskiptalíkan áætlað að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum (SPP), skal skráður á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirkni-isheimildina (e. fair value option). Reikna skal vaxtatekjur með því að beita aðferð virkra vaxta á afskrifað kostnaðarverð (brúttó bókfært verð að frádræginni virðisrýrnun) virðisrýrðra fjáreigna en fyrir fjáreignir sem eru ekki virðisrýrðar reiknast vaxtatekjur af brúttó bókfærðu verði.</p> <p>Skuldagering sem samkvæmt viðskiptalíkan er hvort tveggja ætlað að innheimta samningsbundnar greiðslur af og hagnast á með sölu, og samningsbundnu greiðslurnar samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á gangvirkni í gegnum aðra heildarafkomu. Þetta á við nema valið sé að skrá á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirkni-isheimildina.</p> <p>Allar aðrar fjáreignir eru metnar á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning.</p>
Gangvirkni-isheimild	<p>Félag má við upphaflega skráningu flokka fjáreign á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning ef það kemur í veg fyrir eða dregur úr reikningshaldslegu misræmi vegna mats eða skráningar sem myndi stafa af eignum eða skuldum og tengdum tekjum og gjöldum ef matið yrði með öðrum hætti. Ákvörðun um að beita þessari heimild er óafturkræf.</p>
Fjárskuldir	<p>Veltufjárskuld (e. held for trading) er metin á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning.</p> <p>Allar aðrar fjárskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði nema gangvirkni-isheimild sé nýtt. Hægt er að nýta gangvirkni-isheimildina við upphaflega skráningu ef það kemur í veg fyrir eða dregur úr reikningshaldslegu misræmi. Fjárskuldir geta jafnframt verið metnar á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning ef þær eru hluti af safni fjármálageringa sem stýrt er á gangvirkni-grunni, eða flokkunin tengist innbyggðum afleiðum sem annars væru aðskildar frá grunnsamningi.</p> <p>Ef fjárskuld er metin á gangvirkni í gegnum rekstrarreikning þá eru breytingar á gangvirkni vegna lánsáhættu (eigin útlánáhætta félagsins) færðar í gegnum aðra heildarafkomu (engin endurflokkun í gegnum rekstrarreikning).</p>

Afleiður	Allar afleiður innan efnissviðs IFRS 9, einnig afleiður tengdar óskráðum eiginfjárgæringum, skal skrá á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning, nema ef félagið hefur valið að beita áhættuvarnarreikningsskilum (e. hedge accounting) með því að skilgreina afleiðuna sem áhættuvörn.
Innbyggðar afleiður	<p>Samningsbundið sjóðstreymi fjáreignar er metið í heild sinni, þar með taldar innbyggðar afleiður sem eru ekki nátengdar undirliggjandi fjáreign. Slík fjáreign er metin í heild sinni á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef hún stenst ekki próf á einkennum samningsbundins sjóðstreymis (SPPI).</p> <p>Innbyggðar afleiður sem ekki eru nátengdar grunnsamningi fjárskulda skal tilgreina sérstaklega á gangvirði þegar um er að ræða fjárskuldir sem ekki eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.</p> <p>Aðrar innbyggjar afleiður sem eru ekki nátengdar undirliggjandi eign skulu aðgreindar frá undirliggjandi eign og metnar sérstaklega á gangvirði.</p>
Áhættuvarnarreikningsskil	<p>Skilyrði IFRS 9 um áhættuvarnarreikningsskil eru valkvæð. Að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, er félögum heimilt að endurspeglja áhættustýringu félagsins með því að jafna hagnaði og tapi af fjármálagerningum sem flokkaðir eru sem áhættuvarnir saman við hagnað eða tap af þeirri áhættu sem þeim er ætlað að mæta.</p> <p>Til eru þrjár gerðir áhættuvarnarsambanda: (i) gangvirðisvörn (e. fair value hedge), (ii) sjóðstreymisvörn (e. cash flow hedge) og (iii) áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi (e. hedge of a net investment in a foreign operation).</p> <p>Áhættuvarnarsamband uppfyllir skilyrði áhættuvarnarreikningsskila einungis þegar það samanstendur af heimilum áhættuvörnum og áhættuvörðum liðum, það er formlega skjalað og skilgreint í upphafi ásamt tilgangi fyrir vörninni m.t.t. áhættustýringar félagsins og skilyrði um skilvirkt áhættusamband eru uppfyllt.</p> <p>Áhættuvarnarsamband er skilvirkt þegar það eru efnahagsleg tengsl á milli áhættuvarða liðarins og áhættuvarnarinnar, áhrif útlánaáhættu eru ekki ráðandi í gangvirðisbreytingum sem verða vegna efnahagslegra tengsla, og áhættuvarnarhlutfall (e. hedge ratio) áhættuvarnarsambandsins er jafnt því sem notað er í efnahagslegu áhættuvörninni.</p>

## Virðisrýrnun

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi. Það á við fjáreignir metnar á kostnaðarverði eða gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu, kröfur vegna leigusamninga, samningseignir innan gildissviðs IFRS 15 og ákveðnar skriflegar lánaskuldbindingar (nema þær séu metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning) og samningsbundnar fjárhagslegar ábyrgðir (nema þær sé metnar í samræmi við IFRS 4 eða IFRS 17).

Vænt útlánatap (að undanskildum fjármálagerningum sem ljóst er frá upphafi eða við kaup að ekki munu innheimtast að fullu) skal færa í gegnum afskriftareikning og skal taka mið af væntu útlánatapi reiknuðu út frá líkum á því að vanefndir verði á næstu 12 mánuðum. Ef útlánaáhætta hefur aukist verulega frá upphaflegri skráningu fjármálagerningsins er tekið mið af væntu útlánatapi út frá líkum á því að til vanefnda komi einhverntíman á líftíma gerningsins. Þetta á jafnframt við um virðisrýrðar fjáreignir þar sem vaxtatekjur reiknast af afskrifuðu kostnaðarverði í staðinn fyrir vergu bókfærðu virði (nafnverði).

IFRS 9 gerir kröfur um að vænt útlánatap endurspegli óhlutdræga og líkindavegna fjárhæð, tímavirði peninga og sé byggt á raunhæfum og rökstuddum upplýsingum um atburði sem hafa átt sér stað, núverandi aðstæður og spá um efnahagslegar aðstæður í framtíð.

## Túlkunar

IFRIC 16 Áhættuvarnir vegna fjárfestinga í erlendra starfsemi

Móðurfélag má skilgreina gengismun af erlendra fjárfestingu sem áhættuvörn í þeim tilfellum sem starfrækslugjaldmiðill þess er annar en erlendu fjárfestingarinnar. Framsetning reikningskilanna í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli breytir þar engu um.

Áhættuvörn vegna fjárfestingar í erlendra starfsemi má vera innan hvaða félags eða félaga innan samstæðunnar sem er, að uppfylltum skilyrðum sem gerð eru til áhættuvarna af fjárfestingum um skilgreiningu, virkni og skráningu.

Þegar erlend starfsemi er afskráð, skal beita kröfum IFRS 9 um meðferð þeirrar fjárhæðar sem tengist áhættuvörninni og sem færð er af þýðingarmun í rekstrarreikning. Beita skal IAS 21 um áhættuvarða reikningsliðinn.

<p><b>Túlkaniir (framhald)</b></p>	<p>IFRIC 19 <i>Eftirgjöf fjárskulda með útgáfu eiginfjárgerninga</i></p> <p>Lántaki getur gerst aðili að samningi um útgáfu eiginfjárgerninga til lánveitanda í þeim tilgangi að fá fjárskuld gefna eftir. Þegar eiginfjárgerningur er gefinn út í þeim tilgangi að gefa eftir fjárskuld að öllu leyti eða að hluta er litið á eiginfjárgerninginn sem gagngjaldið. Eiginfjárgerningurinn skal metinn á gangvirði á þeim degi sem fjárskuldin er gefin eftir. Þegar ekki er unnt að meta gangvirði eiginfjárgerningsins með áreiðanlegum hætti skal virði hans endurspegla gangvirði fjárskuldarinnar.</p> <p>Mismunur á bókfærðu verði eftirgefna skuldarinnar og gangvirði eiginfjárgerningsins er færður í rekstrarreikning. Ef hluti af fjárskuldinni stendur eftir (þ.e. þegar félag álitur að hluti gagngjaldsins tengist breytingum á skilmálum eftirstæðrar skuldar) skal meta hvort verulegar breytingar hafi orðið á skilmálum hennar. Ef svo er skal afskrá fjárskuldina og færa inn nýja fjárskuld í samræmi við ákvæði IFRS 9.</p>
<p><b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b></p>	<p>Breyting á IFRS 9 í tengslum skuldagerninga með uppgreiðsluákvæðum og uppgjörsbótum (e. negative compensation) sem skýrir að slík samningsákvæði ein og sér hafa ekki áhrif á flokkun gerningsins á afskrifuðu kostnaðarverði. Breytingin tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2019 eða síðar.</p>
<p><b>Væntanlegar breytingar</b></p>	<p>Í næstu ráðgefandi drögum hins árlega endurbóta-verkefnis er lagt til að skýrt verði hvaða þóknarir og kostnað beri að meðtaka við mat á afskráningu skuldar (10% prófið).</p> <p>IFRS 9 skipti ekki út kröfum um gangvirðisvarnir eignasafna vegna vaxtaáhættu (oft nefnt kröfur um heildaráhættuvarnir (e. macro hedge)). IASB heldur áfram vinnu sinni við það verkefni.</p>
<p><b>Saga</b></p>	<p>Staðallinn var gefinn út í júlí 2014 og kemur í staðinn fyrir IAS 39 Fjármálagerningar: Skráning og mat. IASB þróaði IFRS 9 í þrepum og bætti þannig við staðallinn að í hverju þrepi.</p> <p>Útgáfa IFRS 9 frá 2014 kemur í staðinn fyrir fyrri útgáfur og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2018 eða síðar.</p>

**IFRS 10 Samstæðureikningsskil***Consolidated Financial Statements*

<b>Markmið</b>	Setur kröfur um hvernig skuli ákvarða hvort félag (móðurfélag) hafi yfirráð yfir öðru félagi (dótturfélagi).
Yfirráð	<p>Fjárfestir fer með yfirráð yfir fjárfestingu þegar hann hefur ákvörðunarvald, ber áhættu eða hefur rétt til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávöxtun sína af fjárfestingunni.</p> <p>Fjárfestir fer með ákvörðunarvald yfir fjárfestingu sinni þegar hann hefur rétt og getu til að stjórna meginstarfsemi fjárfestingar og hefur þannig veruleg áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.</p> <p>Stundum er auðvelt að meta ákvörðunarvald, svo sem þegar það byggir á atkvæðarétti vegna beins eignarhalds í fjárfestingunni og hægt að meta ákvörðunarvaldið útfrá þeim atkvæðarétti sem fylgir eignarhlutanum í fjárfestingunni. Það er möguleiki að hafa yfirráð með minna en helming af atkvæðarétti (yfirráð í reynd, e. de-facto control).</p> <p>Í öðrum tilfellum er flóknara að meta ákvörðunarvald og þarf að horfa til fleiri en eins þáttar, t.d. þegar ákvörðunarvald byggir á einum eða fleiri samningsbundnum réttindum.</p> <p>Í staðlinum koma fram ítarlegar leiðbeiningar um réttindi sem veita vald og réttindi sem ætlað er að vernda hagsmunum fjárfestis í félagi. Verndarréttur gæti falið í sér rétt til að kjósa um veruleg viðskipti líkt og veruleg eignakaup eða til samþykktar lántöku yfir ákveðið viðmið. Að gera greinarmun á milli réttinda sem veita vald og verndarréttar krefst skilnings á starfsemi félagsins.</p> <p>Stundum þá miðlar félag valdi sínu til umboðsaðila (e. agent). Staðallinn leggur áherslu á mikilvægi þess að bera kennsl á þegar aðili sem virðist hafa yfirráð yfir félagi er einungis að beita valdi sínu sem umboðsaðili fyrir umbjóðandann (e. principal).</p>
Samstæðu-reikningsskil	<p>Þegar yfirráð eru til staðar (e. parent-subsidiary relationship) er gerð krafa um samstæðureikningsskil. Reikningsskil samstæðu (móðurfélag og dótturfélög) eru framsett líkt og um eitt félag sé að ræða.</p> <p>Tvær undantekningar eru frá samstæðureikningsskilum. Ef dótturfélag uppfyllir við yfirtöku þess skilyrði IFRS 5 um að vera flokkað til sölu er það skráð í reikningsskilin í samræmi við kröfur þess staðals. Hin undantekningin er vegna félaga sem falla undir skilgreiningu á fjárfestingarfélögum.</p>

Fjárfestingarfélög	Fjárfestingarfélag er félag sem tekur við fjármunum frá einum eða fleiri fjárfestum með það að markmiði að veita þeim fjárfestingarþjónustu sem skilar fjárfestunum í formi gangvirðishækkana og/eða vaxta af fjárfestingum og metur meirihluta fjárfestinga sinna á gangvirði. Fjárfestingarfélag gerir ekki samstæðureikningsskil með dótturfélögum sínum. Það metur fjárfestingar sínar í dótturfélögum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.
Gerð samstæðureikningsskila	Við gerð samstæðureikningsskila er öllum innri viðskiptum eytt út. Þetta á við um eignir, skuldir, tekjur og gjöld milli félaga í samstæðu. Öll félög innan samstæðu skulu beita sömu reikningsskilaaðferðum og ef mögulegt hafa sama reikningsskiladag. Hlutdeild minnihluta er tilgreind meðal eigin fjár í efnahagsreikningi og er aðgreind frá eigin fé hluthafa móðurfélags. Heildarafkomu ársins er skipt á milli hluthafa móðurfélags og hlutdeildar minnihluta jafnvel þótt hlutdeild minnihluta í eigin fé verði neikvæð.
Breyting á eignarhlutdeild	Breytingar á eignarhlut í dótturfélagi sem leiða ekki til þess að yfirráð tapist skal færa meðal eigin fjár. Hvorki skal færa hagnað eða tap vegna slíkra viðskipta. Þegar móðurfélag selur eignarhlut í dótturfélagi, sem leiðir til þess að móðurfélagið á ekki lengur ráðandi hlut í dótturfélaginu, skal færa eftirstandandi hlut á gangvirði þess dags sem yfirráðin tapast. Sé mismunur á gangvirði eignarhlutarins og bókfærðu verði skal færa hagnað eða tap í rekstrarreikning.
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Í september 2014 komu út endurbætur sem áttu að skýra að í viðskiptum við hlutdeildarfélag eða félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) fer skráning hagnaðar eða taps eftir því hvort seldar eða framlagðar eignir teljist vera atvinnustarfsemi. Í desember 2015 ákvað IASB að fresta gildistöku-degi breytinganna um óákveðinn tíma, en félögum er þó þegar heimilt að beita þeim. IASB mun framkvæma yfirferð á innleiðingaráhrifum IFRS 10.

<b>Saga</b>	IASB tók IAS 27 <i>Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil</i> með í endurbættum stöðlum sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. IFRS 10 leysti af hólmi stærstan hluta IAS 27 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 og síðar. Undantekning fyrir fjárfestingafélög gildir fyrir tímabil sem hófust 1. janúar 2014 og síðar.
-------------	--

## IFRS 11 Samrekstur

### *Joint Arrangements*

<b>Markmið</b>	Setur fram meginreglur fyrir mat á því hvort félag eigi hagsmuni í samrekstri (e. joint arrangements), og flokkun samrekstrar í félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) eða sameiginlegan rekstur (e. joint operation).
Skilgreiningar	<p>Samrekstur felur í sér að tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginleg yfirráð yfir starfseminni.</p> <p>Félag í sameiginlegri eigu (e. joint venture) er sameiginlegt verkefni þar sem aðilar sem fara með sameiginleg yfirráð njóta réttinda af hreinum eignum starfseminnar.</p> <p>Sameiginlegur rekstur (e. joint operation) er sameiginlegt verkefni þar sem hlutaðeigandi aðilar sem deila yfirráðum hafa eignarrétt og bera skuldaábyrgð.</p> <p>Þegar gerður er greinarmunur á sameiginlegum rekstri og félagi í sameiginlegri eigu þarf að leggja mat á uppbyggingu verkefnisins, lagalegt form fjárhagslega sjálfstæðra eininga (e. separate vehicle), skilmála og annað sem hefur þýðingu fyrir matið.</p>
Reikningshaldsleg meðferð	<p>Hluthafar beita hlutdeildaraðferð vegna félaga í sameiginlegri eigu eins og henni er lýst í IAS 28. Undanskilin eru fjárfestingafélög, fjárfestingasjóðir eða verðbréfasjóðir sem kjósa eða er skylt að fara með slíka fjárfestingu á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við IFRS 9.</p> <p>Samrekstraraðili skráir eignir, skuldir, tekur og gjöld sem honum tilheyra og tengjast sameiginlegum rekstri í samræmi við viðeigandi IFRS-staðla vegna viðkomandi eigna, skulda, tekna og gjalda.</p> <p>Reikningshaldsleg meðferð við stofnun/kaup á sameiginlegum rekstri þar sem tilgangurinn er atvinnustarfsemi (e. business) skal vera í samræmi við IFRS 3.</p>
<b>Túlkunir</b>	Engar

<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Breytingar sem skýra að þegar félag öðlast sameiginleg yfirráð yfir sameiginlegum rekstri sem er rekstrareining (e. business) þá er sá eignarhluti sem var til staðar fyrir í sameiginlega rekstrinum ekki endurmetinn. Þessi breyting tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2019 og síðar.
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB mun framkvæma yfirferð á innleiðingaráhrifum IFRS 10.
<b>Saga</b>	IAS 31 <i>Hlutdeild í samrekstri</i> var hluti af endurbættum stöðlum IASB sem tóku gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2005 og síðar. IFRS 11 kom í stað IAS 31 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 og síðar.

## IFRS 12 Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum

### *Disclosure of Interests in Other Entities*

<b>Markmið</b>	Að veita upplýsingar í skýringum sem gera lesendum reikningsskilanna kleift að meta eðli og áhættu sem fólgin er í því að eiga hagsmuni í öðrum félögum og áhrif þess á rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
Mat	Kröfur um að greint sé frá mikilvægum matsatriðum og forsendum eins og hvernig mat er lagt á yfirráð, sameiginleg yfirráð og veruleg yfirráð.
Dótturfélög	Upplýsa skal um uppbyggingu samstæðu, áhættu sem tengist félögum innan samstæðu, s.s. takmörkunum á notkun eigna og uppgjöri skulda. Gerð er krafa um samandregnar upplýsingar fyrir hvert dótturfélag þar sem hlutdeild minnihluta telst veruleg fyrir samstæðuna.
Samrekstur og hlutdeildarfélög	Greina skal frá upplýsingum um eðli, umfang og fjárhagsleg áhrif af hagsmunum í samrekstri og hlutdeildarfélögum. Einnig skal greina frá nöfnum félaga og fjárhagslegum upplýsingum fyrir samrekstrarfélög sem teljast veruleg fyrir samstæðuna.
Hagsmunir í félögum sem háð eru takmörkunum	Skýra skal frá eðli og umfangi áhrifa af hagsmunum í félögum sem háð eru takmörkunum, sérstaklega hvað varðar umfang mögulegs stuðnings sem móðurfélag kann að þurfa veita slíku félagi.
Fjárfestingarfélög	Veita þarf upplýsingar um mikilvæg matsatriði og forsendur fyrir ákvörðun að um fjárfestingarfélag sé að ræða ásamt upplýsingum um það hvenær félag teljist eða hætti að vera álitíð fjárfestingarfélag.
<b>Túlkanir</b>	Engar



<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB mun fara yfir innleiðingaráhrif IFRS 12.
<b>Saga</b>	Staðallinn tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 og síðar og var hluti af stöðlum þar sem skilgreiningar á yfirráðum (samstæða) og sameiginlegum yfirráðum (samrekstur) voru endurskoðaðar.

### IFRS 13 Mat á gangvirði

*Fair Value Measurement*

<b>Markmið</b>	<p>Skilgreinir gangvirði, veitir leiðsögn um ákvörðun á gangvirði og lýsir skýringarkröfum um mat á gangvirði.</p> <p>Kröfum IFRS 13 ber að beita þegar annar staðall krefst eða heimilar gangvirðismat eða skýringar um gangvirði (og mat eins og gangvirði að frádregnum sölukostnaði) en segir ekki til um hvaða liði skal meta á gangvirði eða greina frá á gangvirði í skýringum.</p>
Gangvirði	<p>Gangvirði er skilgreint sem það verð sem fæst við sölu á eign eða væri greitt við yfirfærslu á skuld í skipulögðum viðskiptum milli markaðsaðila á matsdegi.</p> <p>Gangvirðismat skal miða við að eign eða skuld sé seld eða yfirfærð í skipulögðum viðskiptum milli markaðsaðila við þær markaðsaðstæður sem eru til staðar á matsdegi.</p>
Prepaskipting gangvirðis (e. fair value hierarchy)	<p>Prepaskipting í gangvirðismat byggir á þeim forsendur sem notaðar eru við matið.</p> <p>Prep 1 - skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir sem eru aðgengileg á matsdegi.</p> <p>Prep 2 - forsendur aðrar en skráð markaðsverð samkvæmt þrepi 1 sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint fyrir eignir eða skuldir. Forsendur í þrepi 2 eru meðal annars skráð markaðsverð á virkum markaði fyrir svipaðar eignir og vaxtastig og ávöxtunarkúrfur sem byggja á reglulega birtum markaðsupplýsingum.</p> <p>Prep 3 - forsendur sem ekki verða sannreynðar fyrir viðkomandi eignir eða skuldir. Dæmi um slíkt er þegar félag notar sín eigin gögn til að spá fyrir um sjóðstreymi fjárskapandi einingar eða til að spá fyrir um framtíðarflökt út frá sögulegum upplýsingum.</p>

Prepaskipting gangvirðis (e. fair value hierarchy) (framhald)	Gerð er krafa um að félög beiti matsaðferðum sem hámarka notkun viðeigandi sannreynanlegra forsenda og lágmarka notkun þeirra forsenda sem ekki verða sannreyndar. Markmið með gangvirðismati á matsdegi er hins vegar það sama óháð því hversu mikið af forsendum í mati verða ekki sannreyndar.
Skýringar	Skýringar fara eftir eðli gangvirðismatsins ( t.d. hvort beitt sé gangvirðismati í reikningsskilunum eða hvort aðeins sé getið um gangvirði í skýringum) og á hvaða þrepi gangvirðismatið er flokkað. Skýringarkröfur vegna gangvirðismats á þrepi 3 eru umfangsmestar, og fela m.a. í sér næmnigreiningu.
<b>Túlkunar</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar. IASB lauk yfirferð á innleiðingaráhrifum IFRS 13 árið 2018 og taldi ekki þörf á breytingum.
<b>Saga</b>	Staðallinn tók gildi yfir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2013 og síðar. Hann var þróaður með hliðsjón af samræmingu við leiðbeiningar FASB um gangvirðismat.

**IFRS 14 Eignir og skuldir vegna verðtakmarkana***Regulatory Deferral Accounts*

<b>Markmið</b>	<p>Staðallinn heimilar félögum sem innleiða IFRS-staðla eftir að IFRS 14 tók gildi að halda reikningsskilaaðferðum fyrir frestaðar eignir og skuldir vegna verðtakmarkana óbreyttum frá fyrri reikningsskilareglum, með óverulegum breytingum.</p> <p>IFRS 14 var gefinn út sem tímabundin lausn á viðameiri endurskoðun IASB á starfsemi háðri verðtakmörkunum.</p>
Eignir og skuldir vegna verðtakmarkana	<p>Eignir og skuldir vegna starfsemi háðri verðtakmörkunum tengjast ráðstöfun á vörum eða þjónustu til viðskiptavina á verði eða taxa sem er háður verðtakmörkunum.</p> <p>Frestaðar eignir og skuldir vegna starfsemi háðri verðtakmörkunum skal sundurliða í efnahagsreikningi, og breytingar þessara liða skal sundurgreina í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu. Þá eru einnig kröfur um skýringar.</p> <p>Kröfur annarra IFRS-staðla gilda um eignir og skuldir vegna verðtakmarkana, að teknu tilliti til þeirra undantekninga og viðbótarkrafna sem fram koma í staðlinum</p>
<b>Túlkaniir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB er að þróa nýtt reikningsskilalíkan sem gefur notendum reikningsskilanna betri upplýsingar um rétt félags og skuldbindingar sem stafa af starfsemi háðri verðtakmörkunum með það að markmiði að annað hvort gefa út umræðuskjal eða ráðgefandi drög.
<b>Saga</b>	Staðallinn tók gildi fyrir fyrstu IFRS-reikningsskil félaga fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2016 eða síðar, og var innleiðing heimil fyrir þann tíma.

**IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini***Revenue from Contracts with Customers*

<b>Markmið</b>	<p>Að lýsa reikningshaldslegri meðferð á tekjum vegna sölu á vöru eða þjónustu til viðskiptavina.</p> <p>Gildissvið staðalsins nær aðeins til tekna af samningum við viðskiptavini. Aðrar tekjur, svo sem arðstekjur, falla undir gildissvið annarra staðla.</p>
Samningur við viðskiptavin	Samningur við viðskiptavin fellur undir gildissvið þessa staðals þegar hann hefur efnahagsleg áhrif (e. commercial substance), samningurinn hefur verið samþykktur af samningsaðilum, hægt er að skilgreina réttindi hvers samningsaðila til seldra vara eða þjónustu og greiðsluskilmála, þegar samningsaðilar ætla sér að uppfylla þær kröfur sem samningurinn gerir til þeirra og ætla sér að nýta þau réttindi sem samningurinn tryggir þeim og líklegt telst að félagið innheimti gagngjald sem það á rétt á í skiptum fyrir sölu á vörum eða þjónustu til viðskiptavinarins.
Meginregla	Staðallinn notast við líkan sem byggir á yfirráðum. Tekjufærsla skal endurspeglar það gagngjald sem félag væntir að fá við yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar.
Fimm skref	<p>Staðallinn tilgreinir fimm skref sem félög fylgja til þess að uppfylla meginreglu tekjuskráningar.</p> <p>Skref 1: Bera kennsl á samning við viðskiptavin Samningur hefur í för með sér framfylgjanlegar skyldur og réttindi milli félags og viðskiptavinar.</p> <p>Skref 2: Bera kennsl á frammistöðuskuldbindingar samnings. Hvert loforð um yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar sem er aðgreinanlegt (e. distinct) er aðskilin frammistöðuskuldbinding sem er skráð sérstaklega.</p> <p>Skref 3: Ákvarða samningsverð. Samningsverð er skilgreint sem gagngjald sem félag væntir að fá við yfirfærslu á vöru eða þjónustu til viðskiptavinar. Það getur verið fast, breytilegt eða í öðru formi en handbæru fé. Ef gagngjaldið er breytilegt skal félagið áætla þá fjárhæð sem það væntir að fá, en einungis að því marki að ekki teljist líklegt að verulegur hluti verður bakfærður þegar leyst verður úr óvissunni. Samningsverð er núvirt ef verulegur fjármögnunarbáttur er til staðar.</p> <p>Skref 4: Úthluta samningsverði á frammistöðuskuldbindingar. Samningsverði er úthlutað á hverja frammistöðuskuldbindingu í hlutfalli við sjálfstætt söluverð einstakrar vöru eða þjónustu í samningi. Ef sjálfstætt söluverð er ekki mælanlegt, þá þarf félag að áætla það.</p>

Fimm skref (framhald)	<p>Skref 5: Skrá tekjur þegar frammistöðuskuldbinding hefur verið uppfyllt eða samhliða því sem hún er uppfyllt. Skrá skal tekjur þegar frammistöðuskuldbinding hefur verið uppfyllt eða samhliða því að hún er uppfyllt og yfirráð yfir vöru eða þjónustu hafa verið færð yfir til viðskiptavinar. Þetta getur verið á ákveðnum tímamarki (algengt fyrir vöru) eða yfir tíma (algengt fyrir þjónustu). Skráðar tekjur er sú fjárhæð sem úthlutað hefur verið á uppfyllta frammistöðuskuldbindingu.</p>
Leiðbeiningar	<p>Í staðlinum eru leiðbeiningar um meðferð vegna ákveðinna viðskipta, svo sem; frammistöðuskuldbindinga sem uppfylltar eru yfir tíma, aðferða við mat á framgangi frammistöðuskuldbindingum, sölu með skilarétti, ábyrgða, vergrar tekjufærslu eða jöfnunar tekna við umboðsþóknun (e. principal vs. agent consideration), rétti viðskiptavinar til aukinnar þjónustu eða vöru, óendurkræfra fyrirframgreiðslna, sölu með frestaðri afhendingu (e. bill and hold), ónýtttra réttinda viðskiptavina, leyfisveitinga, endurkaupasamninga, umboðssölusamninga og samþykkis viðskiptavina.</p> <p>Í staðlinum eru einnig leiðbeiningar um breytilegt gagngjald og tímavirði peninga ásamt skýringarkröfum.</p>
<b>Túlkanir</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	<p>Staðallinn var gefinn út árið 2014 fyrir reikningskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar og koma ákvæði staðalsins í stað þeirra krafna sem eru í IAS 11 <i>Verksamningar</i> og IAS 18 <i>Tekjur</i> og tengdum túlkunum, þ.m.t. IFRIC 13 <i>Tryggðarkerfi viðskiptavina</i>, IFRIC 15 <i>Samningar um byggingu fasteigna</i>, IFRIC 18 <i>Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum</i> og SIC 31 <i>Tekjur – vöruskipti í tengslum við auglýsingaþjónustu</i>.</p> <p>Endurbætur voru gefnar út í apríl 2016 til þess að veita viðbótarleiðsögn í tengslum við ákveðin atriði og hafa þær sama gildistöku dag og IFRS 15.</p>

## IFRS 16 Leigusamningar

### Leases

#### Markmið

Setur fram kröfur um skráningu, mat, framsetningu og skýringar vegna leigusamninga.

Leigutaki skráir nýtingarrétt til eignar og leiguskuld. Leigusali flokkar áfram leigusamninga sem rekstrarleigu eða fjármögnunarleigu.

#### Samantekt

Samningur telst vera leigusamningur eða innihalda leigusamning ef hann flytur rétt til að stjórna skilgreindri eign í tiltekinn tíma í skiptum fyrir gagngjald. Við flutning á yfirráðarétti hefur viðskiptavinurinn hvort tveggja rétt til að stýra notkun á eigninni og nýtur ávinnings sem hlýst af notkun eignarinnar.

#### Leigutaki

Staðallinn setur fram eitt líkan fyrir leigusamninga í reikningsskilum leigutaka sem gerir kröfu um að leigutaki skrái nýtingarrétt til eignar og leiguskuld. Nýtingarréttur er við upphaflega skráningu metinn sem upphæð leiguskuldar að viðbættum öðrum beinum upphafskostnaði leigutakans.

Á leigutímabilinu metur leigutaki nýtingarrétt samkvæmt kostnaðarverðs-aðferð IAS 16 (nema við sérstök skilyrði).

Leiguskuld er við upphaflega skráningu metin á núvirði samningsbundinna leigugreiðslna. Núvirðingarstuðull er innbyggðir vextir leigusamnings ef mögulegt er að ákvarða þá. Ef ekki er mögulegt að ákvarða innbyggða vexti þá miðast núvirðingarstuðull við vaxtakjör leigutaka af viðbótarlánsfé (e. incremental borrowing rate). Leigugreiðslum er úthlutað á vaxtagjöld og afborganir af leiguskuld.

Leigugreiðslur sem eru breytilegar eru ekki meðtaldar við mat á nýtingarrétti og leiguskuld heldur eru þær færðar til skuldar er þær falla til. Frávik frá þessu eru breytilegar leigugreiðslur sem byggja á vísitölu eða vaxtaviðmiði, en þær eru meðtaldar við upphaflegt mat á leiguskuld og nýtingarrétti.

Valkvæðar undanþágur eru frá skráningu nýtingarréttar og skuldar þegar leigutímabil er 12 mánuðir eða styttra eða þegar verðmæti undirliggjandi eignar er óverulegt (e. low value asset). Ef undanþága er nýtt þá eru leigugreiðslur færðar til gjalda miðað við ávinning leigutaka af hinu leigða (t.d. línulega yfir leigutíma).

Leigusali	<p>Kröfur IFRS 16 um reikningsskil leigusala eru nánast óbreytt frá eldri staðli IAS 17.</p> <p>Leigusalar munu áfram flokka leigusamninga sem fjármögnunarleigu eða rekstrarleigu.</p> <p>Leigusamningur er skilgreindur sem fjármögnunarleiga ef verulegur hluti áhættu og ávinnings af eigninni flyst til leigutaka, annars er hann skilgreindur sem rekstrarleiga.</p> <p>Meta skal fjármögnunarleigu sem kröfu en fjárhæð kröfunnar er jöfn hreinu verðmæti fjárfestingarinnar við upphaf leigu.</p> <p>Kröfum IFRS 15 varðandi mat á því hvort frammistöðuskuldbinding hafi verið uppfyllt er beitt við mat á því hvort flutningur eignar telst vera sala. Ef flutningur á eign telst vera sala samkvæmt skilyrðum IFRS 15, skráir seljandinn nýtingarrétt sem hlutfall af bókfærðu verð við sölu, en hlutfallið ræðst af þeim nýtingarrétti sem seljandinn heldur. Samkvæmt því skráir seljandinn aðeins söluhagnað eða tap sem tengist þeim rétti sem flyst yfir til kaupandans.</p>
-----------	--

<b>Túlkunar</b>	Engar
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Þetta er nýr staðall sem kemur í staðinn fyrir IAS 17 <i>Leigusamningar og tengdar túlkunar</i> , þ.m.t. IFRIC 4 <i>Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning</i> , SIC- 15 <i>Rekstrarleiga - hvatar</i> og SIC-27 <i>Mat á inntaki viðskipta þegar um leigusamning er að ræða í lagalegum skilningi</i> .
<b>Væntanlegar breytingar</b>	IASB íhugar að gera breytingu á sýnidæmi í IFRS 16 vegna leiguhvata í næsta árlega endurbótaverkefni.
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út árið 2016 og tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2019 eða síðar. Innleiðing fyrir þann tíma er heimil. Staðallinn var þróaður í samvinnu við FASB, en IASB og FASB greindi á um einhver atriði í nýju stöðlunum.

# Helstu túlkanir

Samantekt hér að neðan er á túlkunum IFRIC 12 og IFRIC 17 þar sem þær eru flóknari en flestar túlkanir og tengjast nokkrum stöðlum. Í umfjöllun um staðla hér að ofan er vísað til þeirra túlkana sem tengjast viðkomandi staðli.

## IFRIC 12 Samningar um þjónustuívilnun

### *Service Concession Arrangements*

Markmið	Fjallar um reikningsskil rekstraraðila sem í gegnum þjónustusamninga við hið opinbera sjá um rekstur og/eða viðhald á almenningseignum og þjónustu. Túlkunin fjallar ekki um reikningsskil opinbera aðilans.
Almenningseignir	<p>Rekstraraðili sem sér um rekstur og/eða viðhald á almenningseignum má ekki eignfæra þær almenningseignir sem hann hefur ekki yfirráð yfir sem varanlega rekstrarfjármuni.</p> <p>Þess í stað á rekstraraðili að skrá fjáreign þegar hann hefur skilyrðislausan rétt á ákveðinni fjárhæð eða annarri fjáreign á líftíma samnings. Óefnisleg eign er skráð í þeim tilfellum sem framtíðarsjóðstreymi til rekstraraðila er ekki tilgreint sem ákveðin fjárhæð (t.d. þar sem greiðslur til rekstraraðila eru háðar notkun á viðkomandi eign). Rekstraraðili skráir bæði fjáreign og óefnislega eign í þeim tilfellum þar sem hluti greiðslna kemur til vegna fjáreignar og hluti vegna óefnislegrar eignar.</p>
<b>Túlkanir</b>	SIC 29 <i>Samningar um þjónustuívilnun: Skýringar</i> Kröfur í skýringum um samninga um þjónustuívilnun.
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Túlkunin tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2008 eða síðar.



**IFRIC 17 Úthlutun eigna til eigenda í öðru en reiðufé***Distributions of Non-cash Assets to Owners*

<b>Markmið</b>	Lýsir reikningshaldslegri meðferð á úthlutun eigna til eigenda í öðru en reiðufé.
Arður	<p>Færa skal ógreiddan arð þegar arðgreiðslur hafa verið samþykktar með viðeigandi hætti og umráðar-étturinn liggur ekki lengur hjá félaginu.</p> <p>Færa skal arð til eigenda í öðru en reiðufé á gangvirði úthlutuðu eignarinnar. Skuldina skal endurmeta í lok hvers reikningsskilatímabils. Breytingar skal færa á eigið fé.</p> <p>Mismun á greiddum arði og bókfærðu verði úthlutuðu eignarinnar skal færa sem hagnað eða tap í gegnum rekstrarreikning.</p>
<b>Breytingar sem taka gildi á þessu ári</b>	Engar
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Engar
<b>Saga</b>	Túlkunin tók gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar.

# Staðall í útgáfu sem ekki hefur tekið gildi

## IFRS 17 Vátryggingarsamningar

*Insurance Contracts*

<b>Markmið</b>	Setur fram kröfur um skráningu, mat, framsetningu og skýringar vegna vátryggingarsamninga.
Vátryggingar- og endurtryggingarsamningar	<p>IFRS 17 tilgreinir hvernig félag skráir, metur, framsetur og skýrir frá vátryggingarsamningum, endurtryggingarsamningum og vátryggingarsamningum með fjárfestingaráhættu vátryggingartaka (e. discretionary participation features).</p> <p>Vátryggingarsamningur er samningur þar sem útgefandinn tekur á sig verulega vátryggingaáhættu með því að samþykka að bæta vátryggingataka tryggt tjón.</p> <p>Endurtryggingarsamningur er samningur útgefinn af endurtryggingaaðila til að bæta öðrum aðila bótafröfur sem eru tilkomnar vegna eins eða fleiri vátryggingarsamninga sem aðilinn hefur gefið út.</p>
Flokkun vátryggingarsamninga	<p>Félög verða að flokka vátryggingarsamninga í söfn eftir áhættu og hvernig þeim er stýrt, t.d. eftir vörulínu.</p> <p>Hverju safni vátryggingarsamninga er skipt niður í flokka, að lágmarki á grundvelli þess hvort þeir séu íþyngjandi (e. onerous) í upphafi, hvort það séu ekki miklar líkur á að þeir verði íþyngjandi síðar meir, eða að hvorugt af ofangreindu sé viðeigandi.</p>
Skráning	Flokkur vátryggingarsamninga er skráður í upphafi hins vátryggða tímabils eða á þeim degi þegar fyrsta greiðsla vátryggingaraðila innan flokksins fellur á gjalddaga, hvort sem gerist fyrr, eða þegar flokkur vátryggingarsamninga verður íþyngjandi.

Mat við upphaflega skráningu

Félag metur í upphafi safn váttryggingarsamninga með hliðsjón af framtíðarsjóðstreymi við að uppfylla váttryggingarsamninga (e. fulfilment cash flows, FCF) og samningsbundnu áhættuálagi (e. contractual service margin, CSM).

FCF felur í sér vænt núvirt framtíðarsjóðstreymi aðlöguðu að fjárhagslegri og ófjárhagslegri áhættu.

CSM er óframkominn hagnaður af flokki váttryggingarsamninga sem félagið innleysir samhliða veittri þjónustu í framtíð. Fyrir samninga aðra en þá sem eru íþyngjandi er CSM við upphaflega skráningu sú fjárhæð sem leiðir til þess að engar tekjur eða gjöld eru færð; við upphaflega skráningu FCF, afskráningu á þeim degi á eign eða skuld vegna sjóðstreymis af nýjum váttryggingarsamningum (e. insurance acquisition cash flows) og sjóðstreymi af samningum í flokknum á þeim degi.

Síðara mat

Bókfært verð flokks váttryggingarsamninga í lok hvers reikningsskilatímabils er samtala skuldar vegna eftirstæðrar tryggingaverndar (samanstendur af FCF vegna veittrar þjónustu í framtíð og CSM á þeim degi) og skuldar vegna áfallinna bótakrafna.

CSM er aðlagð í lok hvers reikningsskilatímabils til að endurspeglar hagnað af flokki váttryggingarsamninga vegna þjónustu sem skal veita í framtíð.

Hægt er að beita einfaldaðri úthlutunaraðferð (e. Premium allocation approach (PPA)) vegna iðgjalda af safni samninga þar sem tryggingavernd spannar minna en ár eða þegar líklegt er að aðferðin leiði til niðurstöðu sem ekki verulega frábrugðin almennri nálgun í samræmi við IFRS 17.

Sérstakar matskröfur eiga við um íþyngjandi samninga, endurtryggingarsamninga og váttryggingarsamninga með fjárfestingaráhættu váttryggingartaka.

Framsetning í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu	<p>Fjárhæðir sem skráðar eru í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu eru sundurgreindar í váttryggingaþjónustu og fjármunatekjur eða gjöld af váttryggingarsamningum.</p> <p>Niðurstöður váttryggingaþjónustu eru framsettar í rekstrarreikningi og samstanda af tekjum af váttryggingum og annarri þjónustu og áföllum bótakröfum og öðrum áföllum kostnaði.</p> <p>Fjármunatekjur og gjöld vegna váttrygginga endurspeglar breytingar af áhrifum af tímavirði peninga og fjárhagslegrar áhættu (að undanskildum slíkum breytingum vegna flokks váttryggingarsamninga með valkvæðum viðbótarþóknunum sem myndu í staðinn aðlaga áhættuálag (CSM)). Félög geta valið um að framsetja allar fjármunatekjur og gjöld vegna váttryggingarsamninga í rekstrarreikningi eða framsetja í rekstrarreikningi einungis fjárhæðir sem ákvarðast af kerfisbundinni úthlutun væntra fjármunatekna og gjalda vegna váttrygginga á gildistíma flokks váttryggingarsamninga. Ef síðarnefndi valkosturinn verður fyrir valinu, þá eru eftirstæðar fjármunatekjur og gjöld vegna váttryggingarsamninga framsettar meðal annarrar heildarafkomu.</p>
Framsetning í efnahagsreikningi	Sundurgreina skal eignir og skuldir vegna útgefnna váttrygginga- og endurtryggingarsamninga.
Skýringar	Greina þarf frá eigindlegum og megindelegum upplýsingum um fjárhæðir sem framsettar eru í reikningsskilunum og eru tilkomnar vegna váttryggingarsamninga, verulegu mati af hálfu stjórnenda við beitingu IFRS 17 og breytingum í því mati, ásamt eðli og umfangi áhættu af váttryggingarsamningum.
<b>Væntanlegar breytingar</b>	Umræður IASB sem snúa að áhyggjum hagsmunaaðila og áskorunum vegna innleiðingar sem hafa komið upp síðan IFRS 17 hafa verið gefnar út. Þar er því velt upp hvort þörf sé á breytingum á staðlinum, þ.m.t. gildistökudegi hans.
<b>Saga</b>	Staðallinn var gefinn út árið 2017 og kemur í stað IFRS 4 <i>Váttryggingarsamningar</i> . Upphaflega átti staðallinn að gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2021 eða síðar, en IASB mun líklega fresta innleiðingu staðalsins um ár. Innleiðing fyrir gildistöku er heimil.

# Verkefnadagskrá IASB

IASB uppfærir verkefnadagskrá sína í hverjum mánuði.

Sjá <http://www.ifrs.org/projects/work-plan/>

Á <http://www.ifrs.org/projects/work-plan/> eru nýjustu upplýsingar um verkefni IASB og IFRS-túlkana nefndarinnar og samantekt um niðurstöður fundu. Eftirfarandi yfirlit sýnir verkefnadagskrá IASB þann 31. desember 2018.

## Deloitte IFRS-efni

Auk þessarar útgáfu hefur Deloitte birt og gefið út mikið úrval af efni sem ætlað er að aðstoða við innleiðingu og gerð reikningsskila í samræmi við IFRS-staðla.

### Vefsíður

[www.deloitte.is](http://www.deloitte.is)

[www.iasplus.com](http://www.iasplus.com)

### Útgáfur

#### **iGAAP**

Deloitte iGAAP útgáfur veita heildstæðar leiðbeiningar fyrir félög sem gera reikningsskil í samræmi við IFRS-staðla, og fyrir félög sem hafa í huga að innleiða IFRS-staðla í reikningsskil sín í náginni framtíð. Deloitte iGAAP er útgefið í bókaformi og á [dart.deloitte.com/iGAAP](http://dart.deloitte.com/iGAAP).

#### **IFRS in Focus**

Helst í hendur við útgáfu nýrra og endurbættra staðla og túlkana. Einnig er greint frá drögum (e. Exposure Drafts) og umræðum um helstu tillögur og breytingar.

#### **IFRS Project Insights**

Stutt yfirlit um helstu verkefni IASB og samantekt á stöðu verkefna, lykilniðurstöðum og tillögum.

#### **IFRS Industry Insights**

Hnitmiðað og upplýsandi efni sem veitir innsýn inn í möguleg áhrif breytinga á IFRS á einstakar atvinnugreinar.

#### **IFRS on Point**

Mánaðarleg umfjöllun um það helsta sem gerist í heimi reikningsskilanna.

### **Model financial statements and checklists**

Fyrirmyndarársreikningar sýna hvernig framsetningar- og skýringarkröfum IFRS-staðla er beitt í reikningskilum.

Tékklistar sem aðstoða við hlítni við kröfur IFRS hvað varðar framsetningu og skýringar.

Rafrænar útgáfur af IFRS tengdu efni má finna á [www.iasplus.com/pubs](http://www.iasplus.com/pubs).

IAS Plus heimasíðan býður gestum einnig að skrá sig í áskrift að hinum ýmsu útgáfum og fá tölvupósta þegar nýjar útgáfur eru birtar.

Einnig er hægt að fylgjast með nýjum útgáfum og þróun í gerð reikningsskila almennt í gegnum RSS (hlekkir má finna á [www.iasplus.com](http://www.iasplus.com)) og Twitter ([www.twitter.com/iasplus](https://twitter.com/iasplus)).

### **Deloitte IFRS e-learning**

Það gleður okkur að geta boðið, án endurgjalds, vefnámskeið (e-learning) fyrir alþjóðlega reikningskilastaðla. Í boði eru námskeið fyrir nánast alla IAS / IFRS-staðla, sem uppfærð eru reglulega.

Vefnámskeiðin má finna á:

<http://www.iasplus.com/en/tag-types/e-learning>



